

ÞJÓNUSTUHANDBÓK FYRIR UPPLÝSINGARNEFNIR

Hér er um að ræða mjög lauslega þýðingu og staðfærslu á Public Information Workbook AA-samtakanna, sem út var gefin 1994 með höfundarrétti Alcoholics Anonymous World Services Inc. og hefur þýðingin ekki verið samþykkt af handhöfum höfundarréttar. Henni er ætlað að vera grundvöllur að starfi upplýsingarnefnda hér á landi.

Jóhannes B. & Valur M.

EFNISYFIRLIT:

Blaðsíða:

INNGANGSORÐ AA-SAMTAKANNA	4.
KYNNING.....	4.
ALMANNATENGL.....	5.
SAMSTARF VIÐ FAGFÓLK.....	5.
MYNDUN ALMANNATENGLA- OG SAMSTARFSNEFNDA VIÐ FAGFÓLK.....	6.
TJÁSKIPTI INNAN AA.....	6.
AÐ VINNA INNAN ERFÐAVENJANNA.....	6.
Erfðavenjurnar eru leiðarljós okkar í almannatengslum.....	7.
Gerum það sem við gerum best.....	7.
NAFNLEYND.....	7.
HIN HAGNÝTA OG ANDLEGA ÞÝÐING NAFNLEYNDAR.....	8.
Nafnleyndin – nauðsyn hennar.....	8.
Síðustu skilaboð Bills.....	8.
Nafnleyndin sem andleg skilaboð.....	8.
Að færa fórnir og lifa af.....	8.
MIKILVÆGI NAFNLEYNDAR FYRIR HVERN FÉLAGA OG HVERJA DEILD.....	8.
Nafnleyndin sem einstaklingsbundið val.....	8.
Nafnleyndin á vettvangi hópsins.....	9.
HVERS VEGNA AA-FÉLAGAR GÆTA NAFNLEYNDAR Á OPINBERUM VETTvangi	9.
Afleiðingar nafnleyndarbrot.....	9.
Nafnleynd gagnvart almenningi.....	9.
Nafnleyndarbrot.....	9.
Reynsla Bil's.....	10.
Viðhorf fjölmiðla til nafnleyndar.....	10.
Réttlæting á nafnleyndarbrotum.....	10.
Hugleiðing um nafnleyndina út frá tólf reynslusporum og tólf erfðavenjum	10.
LESEFNI.....	10.
HVERNIG VIÐ HEFJUMST HANDA.....	11.
VINNUFUNDIR.....	12.
Fyrir meðlimi AA-samtakanna.....	12.
Sýnishorn af vinnufundi.....	12.
Fyrir vini meðal fagfólks.....	13.
ALMENNIR UPPLÝSINGARFUNDIR.....	13.
Dæmi um fundarform.....	14.
AÐ FYLGJA EFTIR ALMANNATENGLAFUNDI.....	15.
ÞÁTTAKA Í UPPÁKOMUM SEM EKKI ERU Á VEGUM AA.....	15.
SÝNINGAR.....	15.
Sýningar á alþjóðlegum þingum faghópa.....	15.
Staðbundnar lands- eða svæða fagráðstefnur.....	15.
Skipulagning fram í tímann.....	16.
Kostnaður við sýningar.....	16.
Færanlegar sýningar.....	16.
ÖFLUN AA-SJÁLFBODALIÐA.....	16.
KYNNINGAR Í HÓPUM UTAN AA-SAMTAKANNA.....	17.
Undirbúningur undir kynningu í tengslum við almannatengsl /	
samstarf við fagfólk.....	17.
LEIÐBEININGAR.....	17.
Um kynningar við almannatengsl.....	17.
Um kynningar vegna samstarfs við fagfólk.....	18.
RAMMI KYNNINGAR.....	18. - 19.
Nafnleyndin	
Saga AA-samtakanna	
Tólf-sporaleið AA-samtakanna	
Myndbönd ?	
AA-fundir: opnir – lokaðir	

Fundaskrá fyrir svæðið	
“AA í samfélaginu” “Staðreyndir um AA-samtökin” bls. 25 í möppunni	
Eigin saga	
Tími fyrir spurningar og svör	
Látið ekki í ljós álit á öðru en því sem viðkemur AA	
Verið fljót að afgreiða beiðnir um lesefni	
KYNNING FYRIR VINNUVEITENDUR.....	20.
AÐ FLYTJA BOÐSKAPINN GEGN UM FJÖLMIÐLA.....	20.
Almennar viðmiðunarlínur.....	20.
Hvað eru “raunverulegar fréttir”?.....	20.
SUMT SEM ÞIÐ SKULUÐ GERA OG ANNAÐ SEM ÞIÐ SKULUÐ EKKI GERA.....	21.
Gerði þetta.....	21.
Gerði <u>ekki</u> þetta.....	21.
AÐ VERNDA NAFNLEYNDINA Í VIÐTÖLUM Í HLJÓÐVARPI OG SJÓNVARPI.....	21.
FRÉTTAVIÐTÖL.....	22.
VIÐTALSPÆTTIR OG ÁÞEKKIR ÞÆTTIR.....	22.
Fulltrúi AA-samtakanna.....	22.
ÁRLEG MINNISBLÖÐ TIL FJÖLMIÐLA VARÐANDI NAFNLEYNDINA.....	22.
MINNISBLAÐ VARÐANDI NAFNLEYND (sýnishorn).....	23.
SAMFÉLAGSÞJÓNUSTUTILKYNNINGAR Í HLJÓÐVARPI OG SJÓNVARPI.....	23.
Að nálgast útvarpsstöðvar staðarins (svæðisins).....	24.
Kennimerki AA-samtaka staðarins.....	24.
Hafið samband við fleiri en eina stöð.....	24.
BAKGRUNNUR YFIRLITSKÖNNUNAR Á ÞÁTTTÖKU Í AA.....	24.
SÝNISHORN AF FYLGIBRÉFI TIL LÆKNA, KLERKA, LÖGFRÆÐINGA, MEÐFERÐARAÐILA EÐA RÁÐGJAFNA.....	24.
Dæmi um aðra nálgun.....	25.
SÝNISHORN AF FYLGIBRÉFI TIL SKÓLA.....	26.
SÝNISHORN AF FYLGIBRÉFI TIL LÖGREGLU.....	26.
SÝNISHORN AF FYLGIBRÉFI TIL ÚTVARPSSTÖÐVA.....	26.
SÝNISHORN AF AUGLÝSINGUM Í BLÖÐUM.....	27.
STAÐREYNDIR UM AA-SAMTÖKIN.....	27.
Inngangsorð AA-samtakanna á Íslandi.....	27.
Hvers má vænta af AA.....	28.
Hvers má <u>ekki</u> vænta af AA.....	28.
SÝNISHORN AF BRÉFSPJALDI TIL BEIÐNI UM FREKARI UPPLÝSINGAR.....	28.
SKÝRINGAR Á RAUÐUM LIT Í TEXTA.....	28.
ALMENNINGSUPPLÝSINGANEFND, skýrsla flutt á þjónusturáðstefnu 2003....bls. 29-30.	
FUNDARGERÐIR 15.07.2003 – 11.05.2004.....bls. 31-42.	
UPPLÝSINGARNEFND, skýrsla flutt á þjónusturáðstefnu 2004.....	43.
STARFSHÆTTIR OG STAÐA UPPLÝSINGARNEFNDAR LÞN.....	44.

INNGANGSORÐ AA-SAMTAKANNA

AA-samtökin eru félagsskapur karla og kvenna sem samræma reynslu sína, styrk og vonir til þess að geta leyst sameiginlegt vandamál sitt og verða í stakk búin að hjálpa öðrum til þess að losna frá áfengisbölinu.

Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka. Inntöku- eða félagsgjöld eru engin, en með innbyrðis samskotum sjáum við okkur farborða efnislega.

AA-samtökin eru sjálfstæð heild og óháð hvers kyns félagskap öðrum. Þau halda sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinberra mála.

Höfuðtilgangur okkar er að vera ódrukkinn og styðja aðra alkóhólista til hins sama.

Enginn getur hætt drykkjuskap nema hann vilji það sjálfur.

Höfundarréttur © er hjá AA Grapevine, Inc; Endurprentað með leyfi.

“Tólfta spor okkar - að flytja boðskapinn – er hornsteinn þjónustunnar, sem AA-samtökin veita. Það er okkar höfuðmarkmið og meginástæðan fyrir tilveru okkar. AA-hreyfingin er meira en samsafn kennisetninga. Hún er félag starfandi alkóhólista. Við verðum að flytja boðskapinn, annars visnum við sjálf og þeir sem ekki hafa höndlað sannleikann munu deyja.

Bill W.: Lífsviðhorf Bills bls. 13.

(1)

KYNNING

Hvað er AU og SVF starfsemi og hvers vegna ættu meðlimir AA-samtakanna starfa að henni?

Almenn upplýsingamiðlun (AU) hjá AA-samtökunum merkir að flytja boðskapinn um bata þeim alkóhólistum, sem enn þjást, með því að upplýsa almenning um leiðir AA-samtakanna. Við flytjum boðskapinn með því að nálgast fjölmíðla, skóla, atvinnuvegi og aðrar stofnanir, sem geta sagt frá eðli og tilgangi AA-samtakanna og hvað þau geta gert fyrir alkóhólista.

Starfsemi sem miðar að samstarfi við fagfólk (SVF) felur það í sér að upplýsa fagfólk um AA – hverjir við erum, hvar við erum, hvað við getum gert og hvað við getum ekki gert. Við reynum að koma á betri samskiptum milli meðlima AA-samtakanna og fagfólksins og finna einfaldar og áhrifaríkar leiðir til samstarfs án þess að tengjast þeim.

Þessi vinnubók mun verða þér til leiðbeiningar um ferli almannatengsla og samstarf við fagfólk. Á eftirfarandi blaðsíðum eru settar fram hugmyndir um hvernig einstaklingar geti skipulagt og annast almannatengsl, unnið að samstarfi við fagfólk auk annarrar starfsemi sem hefur verið árangursrík fyrir nefndir er vinna að almannatengslum og samstarfi við fagfólk.

Þeir sem í fyrsta sinn taka að sér störf við almannatengsl eða samstarf við fagfólk (SVF), hvort sem það er staðbundið, svæðisbundið, á vegum svæðisnefndar, LÞN eða þjónustuskrifstofu, eru hvattir til þess að lesa og læra af þeim upplýsingum, sem þar er að finna. Sterklega er hvatt til þess þótt það sé ekki alltaf mögulegt, að meðlimir, sem taka þátt í miðlun almennra upplýsinga og samstarfi við fagfólk, eigi að baki nokkur samfelld ár án áfengis og hafi haldgóða þekkingu á erfðavenjunum. Nýliða má örva til dáða með því að láta þá fylgjast með störfum reyndari félaga við ýmsa upplýsingastarfsemi eða samstarfi við fagfólk.

(2)

ALMANNATENGLSL

Fyrsta almannatengslanefndin í AA var mynduð af General Service Bord (US/Canada) árið 1956. Þá var rituð eftirfarandi yfirlýsing um upplýsingastefnu allrar AA-hreyfingarinnar og hún samþykkt af Alheimsþjónusturáðstefnunni:

“Í öllum samskiptum við almenning er það eina markmið AA-samtakanna að hjálpa þeim alkóhólistum, sem enn þjást. Við teljum að þetta sé hægt að gera með því að kynna honum og þeim, sem kunna að hafa áhuga á vandamáli hans, reynslu okkar sjálfra sem einstaklinga og sem félagsskapar af því að læra að lifa án áfengis, en höfum þó ávallt í huga mikilvægi þess að gæta nafnleyndar einstaklingsins. Við teljum að reynsla okkar ætti að vera aðgengileg öllum þeim er tjá einlægán áhuga. Við teljum enn fremur að allt starf á þessu sviði ætti að endurspeglá þakklæti okkar fyrir að hafa öðlast að verða algáð og að margir utan AA-samtakanna eru jafn uppteknir af hinum alvarlegu vandamálum alkóhólistans”.

Annar af stofnendum samtaka okkar, Bill W. ritaði eftirfarandi:

“Almannatengsl taka á sig margar myndir: einfalt auglýsingaspjald utan við fundarstað okkar sem á er letrað: “AA-fundur í kvöld”; lína í símaskránni; dreifing á AA-bæklingum; og þættir í hljóðvarpi og sjónvarpi, sem nota nýjustu fjölmiðlunartækni. Hvert svo sem formið er verður það ætíð að lokum “einn alki að flytja öðrum alka boðskapinn”, hvort sem það er með beinum einstaklingsbundnum tengslum eða með því að nota þriðja aðila eða fjölmiðla.”

(3)

SAMSTARF VIÐ FAGFÓLK

Samstarf við fagfólk, sem ekki er sjálf alkóhólistar er áhrifamikil leið til þess að flytja boðskap AA-samtakanna til hinna sjúku alkóhólista. Slíkt fagfólk mætir oft alkóhólistunum á stöðum þar sem AA er ekki við höndina. Í gegn um fagfólkið er oft hægt að ná til alkóhólista, sem annars myndu aldrei finna AA-leiðina eða til þeirra næst fyrir með aðstoð upplýstra einstaklinga sem sjálfir eru ekki meðlimir AA-samtakanna.

Fagmaðurinn gæti verið heilsugæslulæknir eða annar starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, prestur, lögregluþjónn, dómari, fangavörður, kennari, starfsmaður félagsþjónustu, félagsráðgjafi, áfengisráðgjafi eða annar aðili, sem fæst við ráðgjöf til fólks eða hver sá sem í starfi sínu fæst við einstaklinga í áfengisvanda. Margir þessara aðila hitta iðulega alkóhólista, sem þjást og þrátt fyrir þekkingu á mannlegu samfélagi víta margir þeirra einfaldlega ekki hvað gera skal við drykkjumann.

Vinna með við fagfólk getur hafist þegar einstakir AA-menn segja lækni sínum frá því að þeir séu meðlimir í AA eða hvísla hljóðlega í eyra sóknarprestsins eða forstöðumanns annars safnaða að meðlimur AA-samtakanna sé tiltækur fyrir söfnuðinn. Deildir taka þátt í samstarf við fagfólk með að bjóða því að taka þátt í opnum fundum og láta það finna að það sé velkomið. Svæðisnefndir eða deildir á staðnum eru virkar í að leita leiða til þess að mynda tengsl við fagfólk og útbúa dagskrá til þess að auka þekkingu og skilning á AA-hreyfingunni.

Saga AA-samtakanna sýnir ljóslega að samstarf við fagfólk hefur verið rauður þráður í starfsemi samtakanna frá öndverðu. AA-hreyfingin hefði ef til vill aldrei náð sér á strik eða þróun hennar orðið miklu hægari, ef ekki hefði komið til aðstoð einstaklinga, sem ekki voru alkóhólistar svo sem dr. Silkworth, systir Ignatiu og séra Sam Shoemakers.

(4)

Mikilvægt er að þeir, sem starfa að samstarfi við fagfólk skilji mikilvægi erfðavenja AA-samtakanna og útskýri þær fyrir þeim, sem ekki eru alkóhólistar. Það er afgerandi staðreynd að erfðavenjurnar eru okkar hefðir og engin ástæða til þess að þeir, sem ekki eru sjálfir alkóhólistar, skilji þær, nema við tökum frumkvæðið og útskýrum þær.

Það ræðst af staðbundnum þörfum og reynslu hvernig almannatengslanefndir fyrir almenning ákveða að standa að málum. Uppástungur okkar hér í handbókinni er

nákvæmlega þetta – uppástungur. Við vonum að þær kveiki hugmyndir og gefi vísbendingar um nýjar leiðir til þess að nálgast fagfólk í nánasta umhverfi og bera boðskap samtakanna til hins almenna borgara.

MYNDUN ALMANNATENGLA- OG SAMSTARFSNEFNDAR VIÐ FAGFÓLK

Nefndir sem miðla upplýsingum til almennings eða annast samstarf við fagfólk eru settar á laggirnar með því að deildir á staðnum samþykkja stuðning við þessa tólftasporsvinnu. Flest svæði hafa í dag starfandi nefndir til almannatengsla og samstarfs við fagfólk (í sumum tilfellum er fer upplýsingastarfsemi og samstarf við fagfólk fram í aðskildum nefndum). Dæmigert er að nefndir, sem starfa að almannatengslum eða samstarfi við fagfólk, tengist og njóti fjárhagslegs stuðnings frá einni eða fleiri þjónustunefndum, deildum, svæðum eða landinu öllu.

Þegar þú hefur ákveðið að mynda nefnd sem á að vinna að upplýsingamiðlun og samstarfi við fagfólk (eða nefnd fyrir annað hvort) er góð hugmynd að taka það rólega í byrjun þar til þú veist hverjar þarfirnar eru og hve marga þarf til að ljúka verkinu.

TJÁSKIPTI INNAN AA

Fyrsta verkefnið er stundum að upplýsa meðlimi AA á þínu svæði um þörfina á tjáskiptum við almenning. Þú kannt að þurfa að leiðrétta misskilning um það, hvort meðlimir AA-samtakanna ættu að nálgast þá, sem ekki eru AA-fólk. Nokkrar nefndir sem vinna að upplýsingagjöf og samstarfi við fagfólk hafa greint frá andstöðu meðlima,

(5)

sem óttast að þeir geri sig seka um áróður með því að segja fagfólki og almenningi frá AA-samtökunum. Vegna þessa eru fullkomin og opinská tjáskipti innan AA-samtakanna um starfsemi að upplýsingamiðlun fyrir almenning og samstarfi við fagfólk mikilvæg.

Fyrsti áheyranda hópur þinn eru AA-samtökin sjálf. Sumar nefndir sem vinna að upplýsingagjöf og samstarfi við fagfólk deila með sér reynslu og hugmyndum með því að skiptast á fundargerðum. Einnig er gagnlegt að greina skrifstofu AA-samtakanna frá starfi ykkar og hugmyndum. Hægt er að kynna öðrum meðlimum AA-samtakanna nefndarmennina með því að þeir taki þátt í fundum deilda og öðrum fundum. Munið að láta símaþjónustuna, svæðisnefnd eða þjónustuskrifstofuna vita við hvern á að hafa samband þegar þörf er á samráði við nefndir sem vinna að upplýsingamiðlun til almennings eða samstarfi við fagfólk.

AÐ VINNA INNAN ERFÐAVENJANNA

Erfðavenjurnar tólf eru hefðir *okkar* og sú skylda hvílir á okkur að varðveita þær. Margar nefndir sem vinna að upplýsingamiðlun fyrir almenning eða samstarfi við fagfólk leggja höfuðáherslu á að fræða meðlimi nefndanna um þessar erfðavenjur, hverjar þær eru og hvernig þær urðu til. Nefndir, sem vinna að upplýsingum fyrir almenning eða samstarfi við fagfólk, geta með slíkri grunnvinnu komið grundvallaratriðum AA-hreyfingarinnar á áhrifaríkan hátt til skila til almennings og fulltrúa fjölmiðlanna. Við getum ekki vænst þess, að aðrir skilji og virði erfðavenjur, ef við sjálf erum illa upplýst um þær. Því miður höfum við upplifað það, að skortur á upplýsingum getur leitt til skorts á umburðarlyndi. Það er til dæmis oft einfaldlega vegna misskilnings þegar nafnleynd er brotin á AA-félögum í fjölmiðlum. Kurteislegt bréf, annað hvort til viðkomandi AA-félaga eða fjölmiðils, sem útskýrir erfðavenjurnar, er gagnlegt, en stuttaraleg dómhörð gagnrýni er það ekki. Kurteisi og hógværar útskýringar eru leið AA-samtakanna. Skilningur á öllum erfðavenjunum og góð tók á hefð nafnleyndarinnar eru sérstaklega

(6)

mikilvæg. Bæklingurinn “Nafnleyndin” (“The Anonymity Wallet Card”) er gagnlegur til þess að gera almenningi ljós grundvallaratriðin í erfðavenjum AA-samtakanna. (Vertu þess minnugur að það er ekki brot á elleftu erfðavenjunni þótt þú í einrúmi kynnir þig sem meðlim AA-samtakanna fyrir einhverjum, sem ekki er AA-félagi og þú hittir í tengslum við starf í nefndum, sem vinna að upplýsingum fyrir almenning eða samstarfi við fagfólk.)

Erfðavenjurnar er leiðarljós okkar í almannatengslum:

Það er nauðsynlegt fyrir hvern þann AA-mann, sem vinnur með fólki, sem ekki er í AA-samtökunum að lesa með athygli “Tólf reynsluspor og tólf erfðavenjur”, bæklingana “Nafnleyndin”, “Hvað er AA?” og annað AA-lesefni um hvernig erfðavenjurnar urðu til og hvernig AA-samtökin þróuðust (“AA Tradition –How it Developed”, “The Twelve Traditions Illustrated”)

Allar erfðavenjurnar eru að sjálfsögðu mikilvægar við þessa tólftasporsvinnu og 6., 8., 11. og 12. erfðavenjan tengjast henni beint.

Sjötta erfðavenjan: “AA-deild ætti aldrei að standa að, leggja fé til eða lána nafn AA-samtakanna neinum skyldum eða óskyldum samtökum, hverju nafni sem þau nefnast, til þess að fjármunir, eignir eða upphæð fjarlægji okkur ekki hinum upphaflega tilgangi.”

Alkóhólismi er í dag mörgum stofnunum sveitafélaga og ríkis mikið áhyggjuefni. Margir tala af hrifningu um AA-leiðina og samstarf við AA-hópa og nefndir. Að hve miklu leyti ættu meðlimir AA-samtakanna að taka þátt í starfsemi þessara stofnana?

Reynslan hefur kennt okkur einfalda þumal fingursreglu: Við störfum með, en tengjumst ekki. Við viljum vinna á uppbyggilegan hátt með öðrum aðilum, sem starfa á sviði alkóhólisma, en við viljum ekki sameinast þeim í augum almennings. Að tengja

(7)

opinberlega nafn AA-samtakanna einhverjum öðrum aðilum gæti gefið til kynna tengsl. Við ættum að útskýra það vel að AA er til reiðu sem úrræði fyrir aðrar stofnanir og að við eru ætíð reiðubúin til aðstoðar og samstarfs.

AA fæst eingöngu við persónulegan bata alkóhólistans sem einstaklings, sem leitað hefur til samtakanna eftir hjálp. AA-samtökin starfa ekki á sviði rannsókna á áfengissýki. Þau starfa ekki að lyflæknisfræðilegri eða geðlæknisfræðilegri meðferð eða áróðri í neinni mynd, jafnvel þótt meðlimir samtakanna geti tekið þátt í slíkri starfsemi sem einstaklingar.

Þegar við vinnum að samstarfi við fagfólk þurfa nefndarmenn að hafa sérstaklega í huga sjöttu og sjöundu erfðavenjuna. Bæklingarnir “AA á meðferðarstöðvum” og “AA í samfélaginu” geta komið að notum (svo og “How AA Members Co-operate”, “AA in Your Community” og “If you are A Professional”).

Gerum það sem við gerum best:

Við höldum okkur við það, sem við þekkjum best, bata einstaklingsins og tólfta-sporsvinnu. Við erum ekki sérfræðingar á öllu sviði alkóhólisma. Við deilum með öðrum bataleið okkar, en erum ekki fagfólk. Við höfum enga opinbera skilgreiningu á alkóhólisma. Þótt við séum fórnarlömb sjúkdómsins, höfum við ekki neina djúpstæða þekkingu á orsökum hans eða “lækningu”.

Þeir sem vinna að almannatengslum þurfa oft að taka þátt í starfsemi í snertingu við fjölmiðla. AA-samtökin eru ekki leynifélagsskapur og við berum boðskapinn til allra er við náum til. Ef alkóhólisti sem þjáist hittir aldrei AA-mann, hvernig á hann eða hún að finna okkur? Samt sem áður verðum við ætíð að vera meðvituð um þörfina fyrir nafnleynd gagnvart almenningi. Við verðum að reyna að gefa fjölmiðlunum sem skýrasta mynd af sjálfum samtökunum í heild sinni.

(8)

Meðlimir AA-samtakanna, sem bera boðskapinn með upplýsingastarfsemi hafa gert sér grein fyrir nauðsyn þess að leggja áherslu á og muna að AA eru samtök jafningja.

NAFNLEYND

Bill W., annar af frumkvöðlum Samtakanna ritaði mikið um nafnleynd og er þessi hluti handbókarinnar um upplýsingu almennings og samstarf við fagfólk aðallega byggður á

tilvitnunum í orð hans. Hann skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn greinir milli hagnýtrar og andlegu þýðingar nafnleyndar. Annar hlutinn greinir frá mikilvægi nafnleyndar hvað einstaklinginn varðar og deildina. Þriðji hlutinn tekur á spurningum varðandi brot á nafnleynd og afleiðingum þeirra.

HIN HAGNÝTA OG ANDLEGA ÞÝÐING NAFNLEYNDAR

Nafnleyndin – nauðsyn hennar:

“Ég held að öll framtíð samtaka okkar hvíli á þessu grundvallaratriði. Ef við höldum áfram að vera fullir anda nafnleyndarinnar og ástundum hana munu hvorki holskeflur né boðaföll geta brotið fley okkar. Gleymum við þessu grundvallaratriði mun skrín Pandóru opnast og demónar auðs, valda og metnaðar leika lausum hala meðal okkar. Haldin þessum illu öndum kynnu samtök okkar að steyta á skeri og liðast í sundur. Ég trúi og treysti því að þetta muni aldrei henda. Ekkert grundvallaratriði AA-samtakanna á skilið jafn mikla aðgát og ástundun og þetta atriði. Ég er þess fullviss að nafnleynd AA-samtakanna er lykillinn að langlífi þeirra.”

(“AA Comes of Age”, bls 131-32)

Síðustu skilaboð Bills:

“Nafnleyndin hefur tvo eiginleika, sem eru nauðsynlegir til þess að við komumst af sem einstaklingar og samtök: hinn andlega og hinn hagnýta. “Hvað andlegu hliðina áhrærir þá krefst nafnleyndin alls þess sjálfsgaga, sem við búum yfir. Hvað við kemur hagnýtu hliðinni,

(9)

hefur nafnleyndin veitt nýliðanum vörn, virðingu og stuðning umhverfisins og öryggi gagnvart þeim okkar, sem myndu nota AA í sjúklegum og eigingjörnum tilgangi.”

Nafnleyndin sem andleg skilaboð:

“Við eru sannfærð um, að auðmýktin, eins og hún birtist í nafnleyndinni, sé öruggasta vörnin, sem AA-samtökin geta nokkurn tíma eignast.”

“...nafnleynd er hin eina sanna auðmýkt í verki. Hún er andlegt afl, sem gegnsýrir alla starfsemi AA-samtakanna og er grunntónninn í henni alls staðar. Í trúnni á gildi nafnleyndarinnar reynum við að uppræta náttúrulega löngun okkar til persónulegrar viðurkenningar sem AA-félagar bæði meðal alkóhólista innan samtakanna og á opinberum vettvangi. Um leið og við afneitum þessari einkar mannlegu löngun öðlumst við þá trú, að við séum öll þátttakendur í að vefa þann verndarhjúp, sem umlykur samtök okkar og að undir þessum verndarhjúp getum við vaxið og unnið einhuga.”

(“Tólf reynsluspor og tólf erfðavenjur” bls. 187-188)

Að færa fórnir og lifa af.

“Hinn andlegi kjarni nafnleyndarinnar er fórn. Vegna þess, að tólf erfðavenjur AA-samtakanna fara þess ítrekað á leit við okkur, að við fórnum eigin löngunum fyrir sameiginlega hagsmuni, skiljum við að fórnarandi, sem kemur svo vel fram í nafnleyndinni, er grundvöllur allra þessara erfðavenja. Það er sá margsannaði vilji AA-samtakanna til þess færa þessar fórnir, sem gefur fólki trú og traust á framtíð okkar.”

(“AA Comes of Age”, bls. 132)

(10)

MIKILVÆGI NAFNLEYNDAR FYRIR HVERN FÉLAGA OG HVERJA DEILD

Nafnleynd sem einstaklingsbundið val:

“Þótt það sé augljóst að flest okkar trúi á nafnleyndina, er það mjög breytilegt hvornig hver og einn rækir þessa lífsreglu.”

“Það ætti að sjálfsgöðu að vera hverjum einstaklingi eða deild í sjálfsvald sett, jafnvel réttur þeirra, að meðhöndla nafnleyndina á þann hátt sem þau

kjósa. En til þess að gera það skynsamlega þurfum við að vera sannfærð um að þessi lífsregla sé góð grundvallarregla fyrir nánast hvert og eitt okkar. Sannarlega verðum við að gera okkur grein fyrir, að framtíðaröryggi og áhrifamáttur AA-samtakanna getur oltið á varðveislu hennar.”

(The Language of the Heart”, bls. 15)

Nafnleynd á vettvangi hópsins:

“Nafnleyndarreglan virðist í reynd verða þessi: Með einni mjög mikilvægri undantekningu er spurningin um það, hve langt hver einstaklingur eða hópur megí ganga gagnvart því að sleppa nafnleynd, algjörlega á valdi viðkomandi einstaklings eða hóps. Undantekningin er að hópar eða einstaklingar gefi aldrei upp sín réttu nöfn, þegar þeir rita eða tala opinberlega sem meðlimir AA-samtakanna. Það er við þennan punkt, opinbera birtingu, sem okkur finnst við ættum að draga mörkin gagnvart nafnleyndinni. Við ættum ekki að opinbera okkur sjálf gagnvart almenningi í prentuðu máli. í myndum eða í útvarpi.”

(“AA Tradition – How It Developed”, bls. 41)

(11)

HVERS VEGNA AA-FÉLAGAR GÆTA NAFNLEYNDAR Á OPINBERUM VETTVANGI

Afleiðingar nafnleyndarbrotá:

“Hver sá sem ætlar að varpa af sér nafnleyndinni, verður að hugleiða að með því kynni hann að gefa fordæmi, sem gæti að endingu skaðað mikilvæg grundvallaratriði. Við megum aldrei láta neina stundarhagsmuni hagga þeirri ákvörðun okkar að halda í heiðri svo lífsnauðsynlegri erfðavenju”.

(Sama heimild, bls. 40)

Nafnleynd gagnvart almenningi:

“Sérhver AA-maður þarf á mikilli auðmýkt og lítillæti að halda til þess að ná varanlegum bata. Ef þessar dyggðir eru hverjum einstökum svona mikilvægar, hlýtur það sama að gilda um AA-samtökin í heild. Þessi grundvallarregla nafnleyndar gagnvart almenningi getur tryggt AA-samtökunum varanlegt traust um alla framtíð, ef við tökum hana nægilega alvarlega. Stefna okkar í almannatengslum ætti aðallega að byggja á grundvallarreglu aðlöðunar, en sjaldan og helst aldrei á áróðri.”

(Sama heimild, bls. 41.)

Nafnleyndarbrot:

“ Að sjálfsögðu þarf enginn AA-maður að gæta nafnleyndar gagnvart fjölskyldu, vinum eða nágrönnum.....En gagnvart almenningi – blöðum, hljóðvarpi, kvikmyndum, sjónvarpi og slíku - - ber að forðast nafnbirtingar og myndir. Þetta er helsta leiðin til að leysa úr læðingi þau eyðandi öfl, sem enn leynast innra með okkur öllum. Þeir fjötrar geta haldið og mega aldrei losna.”

(“Best of the Grapevine”, bindi 1, bls. 279-80)

(12)

“....Við erum þess full viss, að nái slík (veraldleg) öfl nokkurn tíma völdum á samtökum okkar, munum við einnig farast, alveg eins og önnur félög hafa dáið út í sögu mannkynsins. Við skulum ekki láta okkur detta í hug eitt einasta augnablik, að við óvirkir alkóhólistar séum svo miklu betri eða sterkari en annað fólk; eða að vegna þess að í tuttugu ár hefur ekkert illt hent AA-samtökin, geti ekkert komið fyrir þau.”

(Sama heimild, bls. 278-79)

“Stærsta von okkar liggur í þeirri staðreynd, að öll okkar reynsla sem alkóhólistar og meðlimir AA-samtakanna hefur að minnsta kosti kennt okkur að þekkja hinn gríðarlega mátt þessara afla sjálfseyðingarinnar. Lærdómur þeirrar erfiðu reynslu hefur gert okkur fús til þess að færa allar þær fórnir, sem nauðsynlegar eru til verndar Samtökunum, eru okkur svo mikils virði.”

(Sama heimild bls. 279)

Reynsla Bill's:

“Einu sinni tók ég sjálfur þátt í nafnleyndarbrotum.....Ég lærði það, að gæði augnabliksins eða það sem virðist vera gæði, getur oft orðið hinn skæðasti óvinur varanlegra gæða. Þegar afkoma AA-samtakanna á í hlut, verður ekkert nema það allra besta nógu gott.”

(Sama heimild, bls. 280)

Viðhorf fjölmiðla til nafnleyndar:

“Næstum því hver einast blaðamaður, sem fjallar um okkur, kvartar í byrjun um að hann eigi í erfiðleikum með að skrá frásögu sína án nafna, en þeir gleyma fljótlega erfiðleikumum þegar þeir átta sig á því, að hér er hópur af fólki sem er ekki að hugsa um einkahag.”

(“Language of the Heart”, bls. 17-18)

(13)

“Í fjölda ára hafa stórhfrifnir fréttamiðlar út um allan heim sent frá sér mikinn fjölda kynningargreina um AA-samtökin án nokkurs tillits til fréttagildis. Ritstjórar segja okkur hvers vegna þetta er svona. Þeir gefa okkur aukarými og tíma vegna þess að þeir bera fullkomið traust til AA. Grundvöllur þessa mikla trausts á AA segja þeir að sé hin stöðuga áhersla okkar á persónulega nafnleynd á sviði fjölmiðla.”

(“Best of the Grapevine”, bindi 1., bls. 280)

Réttlætning á nafnleyndarbrotum:

“...við alkóhólistarnir erum mestu réttlætatarar í heimi. Í krafti þeirrar afsökunar að við séum að gera stórkostlega hluti fyrir AA-samtökin, getum við með brotum á nafnleynd hafið aftur gamlan og hættulegan eltingarleik við eigin frama, völd, upphefð og fjármuni, fyllst sömu óseðjandi girndunum, sem áður fyrr komu okkur til þess að drekka þegar okkur tókst ekki að svala þeim. Það sem meira er: þetta sýnir ljóslega að ef nógu margir þverbrjóta nafnleyndina gætu öll okkar samtök einn góðan veðurdag leiðst inn á glötunarbraut.”

(“Best of the Grapevine”, bindi 1., bls. 278)

Hugleiðingar um nafnleyndina út frá tólf reynslusporum og tólf erfðavenjum:

- Við þurfum ávalt að gæta persónulegrar nafnleyndar á sviði blaða, útvarps og kvikmynda.
- Nafnleynd í þessum mæli er að sýna raunverulega auðmýkt í verki.
- Jafnvel innan Samtakanna þarf að gæta trúnaðar gagnvart nafni hvers einstaks meðlims og sögu, æski hann þess.

(14)

- Aðferðir okkar við almannatengsl byggjast á aðlöðun en ekki áróðri.
- Við óskum eftir því sem samtök að auglýsa lífsreglur okkar og störf, en ekki einstaka meðlimi.
- Fyrir okkur er erfðavenja okkar um nafnleynd miklu meira en góð regla í sambandi við almannatengsl. Hún er miklu fremur tæki til að forðast sjálfsdýrkun.
- Erfðavenja nafnleyndar er stöðug og nytsöm ábending um að persónulegur metnaður á alls ekki heima innan AA-samtakanna.
- Hið andlega innihald nafnleyndarinnar er fórn.
- Með anda nafnleyndarinnar að leiðarljósi reynum við að losna við okkar eðlislægu þrá eftir persónulegum frama bæði meðal alkóhólistanna, félaga okkar, og frammi fyrir alþjóð.
- Við erum þess fullviss að auðmýkt, tjáð með nafnleynd, er besta verndin, sem AA-samtökunum getur nokkru sinni hlotnast.

LESEFNI

AA Comes of AGE,
AA Tradition – How it Developed,
Best of the Grapevine, Vol. I.,
The Language of the Heart,
Understanding Anonymity,

Tólf reynsluspor og tólf erfðavenjur.

HVERNIG VIÐ HEFJUMST HANDA

- Þegar þörfin fyrir almannatengslanefnd eða samstarfs við fagfólk, verður ljós, látið þá deildir á svæðinu vita, t.d. gegnum svæðisnefnd, að öllum AA-félögum sem hafa áhuga sé velkomnið að taka þátt. Hægt er að nota fréttabréf samtakanna, ef einhver eru, til þess að koma þessum skilaboðum áleiðis svo og skrifstofu LPN.

(15)

- Sé þess kostur, bjóðið þá einum eða fleiri AA-félögum, sem hafa reynslu í almannatengslum eða samstarfi við fagfólk í nágrannasveitafélögum að taka þátt í fundinum í því augnamiði að deila með ykkur reynslu sinni af starfinu.
- Auk þessarar vinnubókar skuluð þið lesa undirstöðulesefni Samtakanna, sem talið er upp hér á eftir. Hafið auka eintök við höndina handa þeim, sem þátt taka í stofnfundinum.
 - “Speaking at Non-AA Meetings”
 - “How AA Members Co-operate With Professionals”
 - “A Member’s Eye View of AA”
 - “Dálíttill vegvísir að AA”
 - “Hvað er AA?”
 - “AA á meðferðarstofnunum”
 - “Court and Similar Programs”
- Eftir að allir hafa kynnt sig á fyrsta fundinum, biðjið reynda AA-gestinn eða gestina að segja frá reynslu sinni í stuttu máli.
- Búið til lista yfir meðlimi nefndar úr hópi þeirra, sem þátt tóku í fundinum. Ein helsta grundvallarvirkni meðlima nefndarinnar felst í því að lesa og ræða viðeigandi bæklinga og annað lesefni.
- Það er reynsla almannatengslanefnda og nefnda um samstarf við fagfólk að reglubundnir fundir stuðla að því, að þjónustu starfi þeirra miðar áleiðis og það skapar tækifæri til þess að slétta úr hnökrum. Mikilvægt er að setja niður ákveðnar dagsetningar og tíma fyrir þessa fundi.

(16)

- Þegar hin nýja nefnd hefur komið saman og náð að átta sig á grunnefni til almannatengsla og samstarfs við fagfólks, gakktu þá úr skugga um hverjir af meðlimum nefndarinnar eru tiltækir á daginn og hverjir eru tilbúnir til þess að taka þátt í starfsemi á kvöldin. Þetta er mikilvægt þar sem mikið af vinnu við almannatengsl og samstarf við fagfólks fer fram á venjulegum vinnudegi – á vinnustað fagfólksins.
- Því næst gæti nefndin rætt hvert skuli stefna í byrjun, þ.e.a.s. við hvaða hópa fagfólks skuli fyrst hafa samband eða hvaða tegund almannatengsla svo sem tilkynningu um samfélagsþjónustu í opinberum fjölmiðlum. Rótgrónar nefndir til almannafræðslu og/eða samstarfs við fagfólks hafa komist að raun um að með því að einbeita sér að einum faghópi í einu, t.d. með því að heimsækja félag hjúkrunarfræðinga eða heilsugæslustofnun, koma þær í veg fyrir sóun á kröftum AA.
- Símtal við stofnunina leiðir í ljós hvaða einstaklingur er ábyrgur fyrir upplýsingu, þjálfun eða þjónustu við almenning. Viðræða við þann einstakling gæti innihaldið tilboð um fund og miðlun upplýsinga um AA. Um leið gæti verið við hæfi að ákveða stað og stund fyrir kynningu á AA.
- Þegar dagsetning hefur verið ákveðin bjóðast nokkrir meðlimir nefndarinnar til þess að sjá um þetta verkefni. (Sjá nánar hér á eftir í kaflanum um kynningu fyrir

aðra hópa en AA-hópa, þar sem rætt er um undirbúning fyrir miðlun upplýsinga til almennings og/eða samstarf við fagfólk)

- Sambönd við mismunandi faghópa eru mjög mikilvæg. Finnið þær fageiningar, sem líklega myndu hafa hag af að vita meira um AA og útbúið lista yfir nöfn fólks sem hægt er að hringja í varðandi stefnumót til undirbúnings. Fáðið að vera viðstaddir fagfélagsfundum sem áheyrendur. Þróið persónuleg sambönd við einstaklinga innan faghópsins og hittið þá augliti til auglitis.

(17)

- Eitt besta úrræðið í almenningsfræðslu og/eða samstarfi við fagfólks eru bæklingar AA-samtakanna. Sýnishorn af bæklingum er vanalega látin fylgja kynningarbréfi til fagfólks og úrval kynningarbæklinga samtakanna eru sjálfsagður hluti af kynningum til almannatengsla og/eða samstarfs við fagfólks. Það er góð hugmynd að eiga handbærar birgðir af kynningarbæklingum vegna óvæntra tækifæra er kunna að skapast.

VINNUFUNDIR

Fyrir meðlimi AA-samtakanna: Vinnufundir eru oft haldnir meðan á þjónusturáðstefnum stendur eða fundum svæðisnefnda, til þess að skýra á hvern hátt almannatengsl og/eða samstarfs við fagfólks eykur getu okkar til þess að bera boðskap AA-samtakanna þeim alkóhólista, sem enn þjást. Þessi tegund vinnufunda veitir tækifæri til þess að hvetja AA-fólk til þess að deila upplýsingum um AA með núverandi lækni sínum, lögmanni, presti eða jafnvel fyrrverandi barþjóni sínum.

Margar nefndir hafa orðið þess áskynja, að vinnufundir skapa leið til að skoða staðbundnar þarfir, tækifæri og viðhorf svo og uppbyggingu þjónustunnar, erfðavenjurnar o.s.frv. Vinnufundir eru einnig góð tæki til þess að kanna hugmyndir og taka ákvarðanir um aðferðir.

(18)

Sýnishorn af vinnufundi:

Eftirfarandi var gert á einu svæði: Heilsdagsvinnufundur var skipulagður. Hann var opnaður með æðruleysisbæninni. Að því loknu var lesin upp styttri útgáfan af hinum 12 hugmyndum. Fimmta erfðavenjan var einnig lesin og tengd fyrstu hugmyndinni. Erfðavenjan segir að hver deild hafi eitt megin markmið, að flytja boðskapinn. Hugmyndin kveður á um það, að endanleg ábyrgð og vald liggi hjá AA-deildinni.

Mestum deginum var síðan varið til umræðna og megin hópnum skipt upp í minni hópa við sjö borð. Áður en umræður hófust fór fram stutt kynning á almannatengslum.

Hverju borði var útdeilt tveim umræðuefnum og útnefndur einn ritari til þess að skrá niðurstöður umræðna og flytja þær meginhópnum. Umræðuefnin voru:

1. Hver er besta leiðin til þess að mynda nefnd til almannatengsla og/eða samstarfs við fagfólks?
Hvernig útbúum við vinnuáætlun fyrir slíka nefnd?
2. Hver er besta leiðin til þess að ná til fagfólks?
Hver er besta leiðin til þess að leiðbeina fagfólki?
3. Hvernig getum við leiðbeint meðlimum AA, sem eru í þjónustu?
Hvernig getum við leiðbeint læknum, klerkum og lögreglu?
4. Hvernig getum við brúað bilið milli fagfólks og AA?
Hvaða kynningarform hæfir fagfólki?
5. Hver eru bestu AA-viðhorfin til fagfólks?

(19)

6. Hvernig getum við náð sambandi við fagfólk?

7. Hvaða lesefni er best og frá hverjum?

Gefnir voru stuttir úrdrættir úr umræðum á hverju borði og fram fór almenn umræða.

Fyrir vini meðal fagfólks: Hægt er að nota leiðbeiningarnar um framsetningu við miðlunar upplýsinga til fagfólks (bls 31) til þess að útskýra hvernig AA geti komið þeim að gagni sem þjónað er af fagfólkinu.

Stundum skipuleggja nefndir til samstarfs við fagfólks samkomur fyrir fagfólk. Dæmi um slíkt spanna allan skalann allt frá morgun- eða hádegisverðum með einum eða tveim ræðumönnum upp í dreifingu AA-bæklinga til fagfólks eða eiga viðtöl við það á staðnum.

Við getum að sjálfsgöðu alltaf aðhafst eitthvað í málunum *sem einstaklingar* til þess að skapa góð tengsl við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar. Við getum til dæmis kynnt okkur sem meðlimi AA gagnvart læknum, sem þekktu okkur sem virka alkóhólista og þakkað þeim fyrir þeirra hjálpi með vandamál okkar. Við getum sýnt sjúkrahúsi og hjúkrunarfólki, sem hjálpaði hverjum og einum okkar þakklæti okkar með því að þakka þeim í eigin persónu eða með því að skrifa þeim þakkarbréf.

Sem nefnd getum við séð læknum fyrir stöðugum byrgðum af AA-bæklingum. Við getum boðið okkar eigin lækni eða öðrum, sem við þekkjum innan læknafélagsins, á opna fundi og fullvissað þá um að þeir eru velkomnir á hvaða opinn fund innan AA-samtakanna sem er. Við getum haldið sambandi við þá lækna, sem senda sjúklinga til AA og látið þá vita hvernig gengur.

(20)

Sumar samskiptanefndir gefa læknum á sínum svæðum áskrift af Hálmstráinu.

Nefndir til almannatengsla og/eða samstarfs við fagfólks nálgast á sama hátt lögfræðinga, kennara, presta og annað fagfólk.

AIMENNIR UPPLÝSINGAFUNDIR

AA-leiðin virkar þegar virkur alkóhólisti vill hjálp og fyrir hendi er AA-maður til þess að veita þá hjálp. Einhversstaðar í bakgrunni er þá sennilega aðstoð frá vinnuveitanda, lækni, meðferðarstofnun eða aðstandanda – einhverjum, sem vissi um AA-samtökin og hvernig ætti að komast í samband við okkur.

AA-samtökin hafa frá upphafi treyst á góð samfélagstengsl til þess að halda sínum “hjálparrhöndum” upplýstum og viðbúnum. Hér eru ýmsar leiðir sem meðlimir AA-samtakanna á tilteknum svæðum geta farið til þess að segja öðrum frá AA og halda samstarfi við vini Samtakanna.

Samfélagsfundir, eða almannatengslafundir, geta áorkað miklu til að styrkja tengslin við vini, sem ekki eru alkóhólistar, og stuðlað að því að eignast nýja vini. Nefndin býður læknum, prestum, löggæslumönnum, vinnuveitendum, starfsmönnum félagsþjónustunnar og öðrum, sem fást við alkóhólista á sérstaka opna fundi.

(21)

Senda skal í boðsbréf um fundi til hópa á svæðinu, vina AA og þeirra, sem áhuga hafa á vandamálum áfengissýki – læknum, lögreglu, dómurum, meðferðarstofnunum, prestum, starfsmannastjórum, félagsráðgjöfum og að sjálfsgöðu fjölmiðlum. Boðsbréfið skal senda í pósti tíu dögum áður en fundurinn er haldinn.

Hér að neðan er hugmynd að slíkri tilkynningu:

Almannatengslanefnd (-hópur) AA-samtakanna í Reykjavík býður þér, fjölskyldu þinni og vinum á opinn kynningarfund um AA-samtökin.

Fundurinn verður haldinn íReykjavík, þriðjudaginn, 6. maí 2002.
Hann hefst stundvíslega kl. 20:30 og honum lýkur kl. 22:00.

Ræðumenn verða: Jón S., fundarstjóri
Sveinn Jónsson, læknir “Hin læknisfræðilegu viðhorf”
Bjarni L. og Björg G.

(22)

Dæmi um fundarform:

Það eru margar fyrirmyndir að áhrifamiklum dagskrám fyrir kynningarfundir fyrir almenning. Hér er ein sem oft er farið eftir:

1) AA-fundarstjóri býður fundargesti velkomna og reynir í stuttri kynningu að koma inn á öll eða flest, eftirfarandi atriða:

- Bjóða viðstadda velkomna. Minnst á vilja AA-samtakanna til þess að hjálpa hvenær og hvar sem þau geta.

Nafnleynd: Fer fram á að fjölmiðlar og allir viðstaddir virði erfðavenjur AA-samtakanna og virði nafnleynd viðstaddra AA-meðlima. Oft er eftirfarandi sagt:

“Hér kunna að vera einhverjir, sem ekki þekkja erfðavenjur okkar varðandi persónulega nafnleynd í fjölmiðlum. Aðferðir okkar varðandi almannatengsl eru grundvallaðar á aðlöðun, ekki áróðri. Við þurfum ætíð að gæta persónulegrar nafnleyndar gagnvart blöðum, hljóðvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum. Af þeim ástæðum förum við þess virðingarfyllst á leit, að í frásögnum af þessum fundi í prentuðu máli eða útvarpi verði enginn AA-maður nefndur fullu nafni né birt af honum mynd.”

- Hvað AA er og er ekki og hvers meðlimir AA-samtakanna hafa orðið vísari um vanda sinn.

(23)

- Að leið AA-samtakanna virkar til þess að stöðva sjúkdóminn alkóhólisma.
- AA hentar fólki af öllum trúflokum og einnig þeim sem eru trúlausir. Samtökin eru jafnt fyrir karla sem konur á öllum aldri.
- Skoðanir ræðumanna eru þeirra eigin skoðanir.
- Erfðavenja AA-samtakanna um fjárhagslegt sjálfstæði
- AA hjálpar til þess að halda meðlimnum alsgáðum, jafnframt því að gera hann eða hana alsgáða.
- AA er hægt að finna í flestum borgum og bæjum. Leitið í símaskrá eða fréttablað staðarins.
- Margir, sem sjálfir eru ekki alkóhólistar hafa hjálpað okkur. (Kynnið á þessum punkti ræðumanninn, sem ekki er alkóhólisti).

2. Gestaræðumaður (starfsmaður opinberrar þjónustu, læknir, dómari, prestur) , sem ekki er sjálfur alkóhólisti, ræðir AA út frá sínu sjónarhorni og sinni reynslu.

3. Annað hvort talar nú annar ræðumaður, sem ekki er sjálfur alkóhólisti eða AA-félagi talar stuttlega um drykkjureynslu sína og skýrir AA-leiðina (hvernig hún virkar, hvað hún getur gert og hvað ekki).

(24)

4. AA-félagi segir frá drykkju sinni og batasögu nokkuð ítarlega. (AA-ræðumönnum þarf að vera ljóst þegar þeim er boðið að tala, að fólk sem ekki er í AA verður viðstatt).

5. Lokaorð fundarstjóra: “Hafið opinn huga. Gruni ykkur að þið eigið við einhvern áfengisvanda að stríða, ykkar eigin eða einhverra annarra, hafið þið komið á réttan stað til þess að átta ykkur og fá aðstoð.”
6. Sýnið eina hinna nýlegu kvikmynda, sem hægt er að fá hjá skrifstofu LÞN eða frá GSO.

AÐ FYLGJA EFTIR ALMANNATENGLAFUNDI

Eftirfarandi aðferð hefur verið notuð með góðum árangri til viðbótar spurninga- og svaratíma í lok fundarins, ef þið hafið yfir að ráða nægilegum fjölda sjálfboðaliða úr hópi AA-félaga.

Bréfspjald eins og það, sem er á bls. 56 hér fyrir aftan, sem í byrjun fundar afhent hverjum þátttakanda, sem ekki er meðlimur AA-samtakanna. Síðan er spjöldunum safnað saman eftir að þau hafa verið fyllt út af þeim, sem æskja frekari upplýsinga.

ÞÁTTTAKA Í UPPÁKOMUM SEM EKKI ERU Á VEGUM AA

Í samræmi við erfðavenju okkar um sjálfstæði AA-samtakanna, en samvinnu við aðra aðila, taka margar almannatengslanefndir þátt í uppákomum, sem önnur samtök en AA standa fyrir.

Ef til vill eru erindi fyrir hópa utan AA-samtakanna sú aðferð, sem vinsælust er og mest er notuð til þess, að koma upplýsingum á framfæri. Uppástungur varðandi þennan upplýsingamáta er að finna í bæklingnum “Speaking at Non-AA Meetings” svo og í leiðbeiningum varðandi almannatengsl.

(25)

SÝNINGAR

Sýningar á alþjóðlegum þingum faghópa: Sýningar á alþjóðlegum, stöðum eru samhæðar af almannatengslanefnd / nefnd um samstarfs við fagfólk á vegum GSO. Þátttökutilboð koma til almannatengslanefndar GSO / nefndar GSO um samstarfs við fagfólk og eru yfirfarin af nefnd trúnaðarmanna um almannatengsl / samstarfs við fagfólk, sem samþykkir þátttöku AA í sérstökum innlendum mótum.

Með samþykki almannatengslanefndar / nefndar um samstarf við fagfólk á viðkomandi stað og með vitund fulltrúanna á staðnum, manna AA-félagar þessar sýningar. Allan kostnað og fyrirfram undirbúning annast GSO, þar með talið að senda farandsýningu almannatengslanefndar / nefndar um samstarf við fagfólk til formanns nefndarinnar eða annars ábyrgs nefndarmanns

Með góðum fyrirvara áður en að opunardegi kemur, sendir GSO tvö eintök af minnisblöðum með “Suggestions for the Chairperson” og “Helpful Hints for AA Volunteers” til þeirra, sem koma til með að manna básinn.

Staðbundnar, lands- eða svæða fagráðstefnur: Svæðis- eða staðarnefnd um almannatengsl / samstarf við fagfólk fréttir af tækifæri til þess að manna upplýsingabás bæði gegnum sambönd við fagaðila, skipuleggjendur ráðstefnu, og aðila er annast frumundirbúning stærri ráðstefna. Aðrar uppsprettur upplýsinga um ráðstefnur, þing og fundi fagfólks, sem eru í deiglu geta verið ráðstefnuskrifstofur, verslunarráð og skrifstofur fagfélaga.

Þegar Alþjóðþjónustuskrifstofa AA-samtakanna (GSO) eða LÞN, fær upplýsingar um stað- eða svæðisbundnar ráðstefnur fagfólks eru upplýsingarnar sendar áfram til formanns viðkomandi staðarnefndar um almannatengsl / samstarf við fagfólk ásamt minnisblaði um að GSO eða LÞN, muni senda nefndinni viðeigandi fræðslufni, að því tilskildu að beiðni um það sé send með nægilegum fyrirvara.

(26)

Tilgangurinn er sá, eins og við alla þjónustu nefndarinnar, að flytja boðskap AA-samtakanna til fagfólks, sem kann að vera í tengslum við alkóhólista, sem enn eru að þjást. Þegar AA-sýningar- eða upplýsingabás er mannaður, er það gert með því að

sýna og dreifa AA-bæklingum, bjóða velkomið fólk, sem tekur þátt í fundinum eða ráðstefnunni, og með opnum tjáskiptum við aðra aðila sýningarinnar. Þetta leiðir oft til annarra tækifæra fyrir nefndir um almannatengsl / samstarf við fagfólk til að koma boðskap AA-samtakanna á framfæri.

Skipulagning fram í tímann: Veljið með góðum fyrirvara þá fagráðstefnur, sem nefndin vonast eftir að taka þátt í. Hafið síðan samband við þá, sem skipuleggja ráðstefnurnar til þess að fregna hvar og hvenær þær verði haldnar og um hugsanlegt gjald fyrir sýninga-/ upplýsingabás. Venjulega leggur ráðstefnuhaldarinn til borð (stundum með skilveggjum, stólum o.s.frv.). Sé tekið gjald fyrir sýningarsvæði, gætuð þið spurst fyrir um það, hvort lægra gjald sé fyrir aðila eins og AA-samtökin sem ekki sækjast eftir ábata.

Venjulega eru sýningar haldnar í hótelum eða á stórum svæðum, sem gera ráð fyrir að margir sýningarbásar séu settir upp hver við hliðina á öðrum. Nefndinni er afmarkaður bás með fyrirvara og skipuleggjendur ráðstefnunnar senda út upplýsingar um hvenær setja skuli básinn upp og taka hann niður og á hvaða tímum sýningarsvæðin eru opin. Fyrirspurnir skulu sendar skipuleggjendum ráðstefnunnar eða tengli Samtakanna.

Kostnaður við sýningar: Fjárhagsáætlun nefndarinnar ætti að gera ráð fyrir fjármagni til þess að greiða gjald fyrir sýningar-aðstöðu fyrir svona tækifæri, fræðslufni fyrir fundi með fagfólki og smærri óvæn tækifæri er upp koma á starfsárinu.

Færanlegar sýningar: Þó nokkur svæði hafa látið búa til handa sér eða keypt, einfaldar en fagmannlega gerðar sýningar til afnota fyrir almannatengslanefndir (og oft einnig fyrir 12. sporsnefndir sem starfa á tengslum við meðferðarstofnanir eða fangelsi. Sýningarefni, sem hægt er að leggja á borð og hentar þessum tilefnum (sjá skrá yfir AA-lesefni) er hægt að nálgast hjá LPN (og GSO). “AA í samfélaginu”, “Dálítill vegvísir að AA”, “Hvað er AA”, “Er alkóhólisti ykkur nákominn?” [“AA at a Glance”] og annað lesefni til almannatengsla er gjarnan látið liggja frammi á sýningarborðum.

(27)

Einnig má láta liggja frammi á sýningarborði bréfspjöld handa almenningi / fagfólki til þess, að óska eftir upplýsingabæklingum frá þjónustuskrifstofu AA-samtakanna á Íslandi (eða GSO ef það á við t.d. um erlendan aðila er að ræða). Í lok sýningarinnar sendir AA-maðurinn, sem umsjón hefur með sýningarbásnum, útfylltu bréfspjöldin til þjónustuskrifstofu AA-samtakanna (sem kemur áfram beiðnum til PI/CPC desk hjá GSO beiðnum erlendra aðila)

ÖFLUN AA-SJÁLFBODALIÐA

Takið þátt í fundum svæðisnefnda og sameiginlegum fundum svæðisnefnda og segið þar frá fyrirhuguðum verkefnum í almannatengslum/ samstarfi við fagfólk og biðjið um AA-sjálfbodaliða til starfa á þeim stað og þeirri stund, sem vinna þarf verkefnið. Fáðið nöfn og símanúmer hjá þeim sjálfboda-liðum, sem gefa sig fram og látið þá hvern um sig hafa ykkar símanúmer.

Sumum nefndum um almannatengsl / samstarf við fagfólk finnst það tryggja að starfið við kynninguna gangi slétt og fellt ef allir AA-þátttakendurnir koma saman fyrir kynninguna og þeir eru minntir á, að klæða sig snyrtilega og fylgja grundvallarleiðbeiningunum í “Staðreyndum um AA-samtökin” (bls. 55) og erfðavenjunum. Nærvera AA á þessum fundum er oft fyrsta snertingin, sem fagmaðurinn hefur haft við afturbata alkóhólista. Þess vegna verðum við að gæta þess vel hvernig mynd við gefum af okkur. Það er nauðsynlegt að hafa kynnt sér bæði það sem stendur í bæklingnum “Speaking At Non-AA Meetings” (Að tala á fundum, sem ekki eru AA-fundir) og erfðavenjurnar.

- Vaktir sjálfbodaliðanna ætti að skipuleggja og ákveða með góðum fyrirvara. Tveir í einu er oftast best þannig að enginn einn AA-maður verði ofhlaðinn verkefnum. Það gefst vel að karl og kona vinni saman og eins að nýgræðingur

og reyndur einstaklingur í starfi að almannatengslum / samstarfi við fagfólk vinni saman.

- Sendið hverjum AA-manni, sem gaf kost á sér til þátttöku, minnismiða og fylgið honum eftir með símtali einum eða tveim dögum fyrir fundinn.
- Flytjið sýninguna og bæklingana á fundarstaðinn á þeim tíma, sem hentar aðstandendum og skipuleggjendum ráðstefnunnar.

(28)

- Raðið lesefni (bæklingum, bókum, fundaskrá, eintökum af Hálmstráinu) á snyrtilegan máta þannig að greiður aðgangur sé að sýningarefninu fyrir þá, sem það vilja skoða.
- Hafið viðbótar sýningarefni tiltækt undir borðinu til þess að endurnýja sýningarefnið.
- Mætið tímanlega. Kynnið ykkur fyrir öðrum, sem eru einnig með sýningar. Greið tjáskipti gagnvart þessum vinum leiða oft til nýrra tækifæra til almannatengsla / samstarfs við fagfólk.
- Verið ekki ýtin. Munið að glaðlegt bros og hlýlega framrétt hönd vinnur traust hjá flestum og skapar jákvæða ímynd af samtökum okkar.
- Það er okkar uppástunga að AA-sjálfbóðaliðarnir hafi sem minnst af brjóstvörnum milli sín og þeirra, sem heimsækja sýningarbásinn. Það er til dæmis best að standa framarlega í sýningarbásnum [upplýsingabásnum] og leyfa ekki borði hans eða öðrum húsgögnum að hindra aðgang að sér.
- Takið saman sýningarbásinn og gangið frá þeim birgðum, sem eftir eru af lesefni þegar ráðstefnunni er lokið. Sendið bréfspjöld með beiðnum um upplýsingabæklinga handa almenningi / fagfólki til þjónustuskrifstofu LÞN AA-samtakanna, sem jafnframt sendir áfram til PI/CPC borðs GSO sérstakar beiðnir um lesefni frá þeim.
- Skiljið sýningarsvæði AA eftir hreint og snyrtilegt þannig að það líti út í samræmi við þá mynd, sem þið viljið að fólk hafi af samtökunum.
- Komið skilaboðum til baka til AA-samtakanna á því svæði sem upplýsingarnefndin tilheyrir (svæðisnefnd, samstarfsnefnd, Landsþjónustunefnd).
- Verið opin fyrir næsta tækifæri til þess að koma áfram boðskap AA-samtakanna gegnum fagfólk.

(29)

KYNNINGAR Í HÓPUM UTAN AA-SAMTAKANNA

Undirbúningur undir kynningu í tengslum við almannatengsl / samstarf við fagfólk: Kynningin gæti t.d. verið í boði utanaðkomandi samtaka, hugsanlega þáttur í reglubundnum fundum þeirra. Oft eiga upplýsinganefndir frumkvæði með því bréflaga, með símtali eða persónulegu samtali að bjóðast til að koma á framfæri upplýsingum um AA-samtökin. Bæklingurinn “Að tala á fundum, sem ekki eru AA-fundir” er nauðsynleg lesning fyrir þá, sem skipuleggja slíkar kynningar.

Kynning AA-manna getur m.a. falið í sér sýningu á myndbandi, sem fylgt er eftir með skýringum á því hvað AA er og hvað ekki, hvar það er og hvernig það er. Kynningu eða erindi í upplýsingaskyni er hægt að laga að beiðni eða að þörfum ákveðinna aðstæðna.

LEIÐBEININGAR

Um kynningar við almannatengsl: Best er að tveir AA-menn deili með sér erindi og, þegar þess er kostur, að það séu karl og kona. Þriðji AA-maðurinn getur komið með sem áheyrandi til þess að afla sér reynslu. Erindið ætti að vera í tveim hlutum þar sem annar AA-maðurinn segir frá sögu AA-samtakanna, leið þeirra og vexti, þar með heildarfjölda AA-hópa á landsvísu og á þessu tiltekna svæði. Hinn AA-maðurinn getur síðan deilt með fundarmönnum reynslu sinni af drykkju og bata. Báðir ræðumenn myndu síðan sitja fyrir svörum að erindi loknu, en það er mikilvægur hluti kynningarinnar.

(30)

- 1) Munið að þetta er tólfasporsvinna með tengslum við almenning. Tilgangur AA-samtakanna er að hjálpa öðrum alkóhólistum til að losna frá áfenginu [að verða edrú].
- 2) Forðist drykkjatal. Haldið umræðunni að málefnum er varða AA og talið út frá sjónarhorni áhugamanna. Við erum ekki sérfræðingar [fagmenn] þegar við tölum sem AA-menn.
- 3) Lesið bæklinginn “Speaking at Non-AA Meetings) (Að tala á fundum, sem ekki eru AA-fundir) áður en þið takið að ykkur kynningu í almannatengsla skyni.
- 4) Hafið meðferðis eftirtalda bæklinga sem viðurkenndir eru af samtökunum:
 - “AA í sjónhendingu” [“Dálítill vegvísir að AA”],
 - “Hvað er AA?” eða “AA í samfélaginu”,
og ef við á:
 - fundarskrá,
 - “AA fyrir konur”,
 - “AA á meðferðarstöðvum”.
- 5) Verið snyrtilega klædd. Fyrstu kynni eru mjög mikilvæg.
- 6) Verið stundvís.

Um kynningar vegna samstarfs við fagfólk:

Þessar kynningar geta farið fram á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi með ræðumanni og einum eða tveim stuðningsaðilum.

Í öðru lagi sem pallborðsumræður tveggja til fjögurra AA-manna.

Þátttakendur frá AA eru: stjórnandi pallborðsumræðna og einn eða tveir AA-menn sem hafa reynslu af að ræða um AA. Stundum er líka aðila vinveittum AA-samtökunum, sem ekki er alkóhólisti en hefur þekkingu á málefnum AA (t.d. ei-alka úr LPN) boðið að taka þátt í umræðunum.

(31)

RAMMI KYNNINGAR

Þau atriði, sem nefnd eru hér á eftir eru öll mikilvæg bæði fyrir kynningar vegna almannatengsl og samstarfs við fagfólk.

- Kynntu þig með fornafni og biddu hina AA-mennina að gera það einnig.
*) Minntu á nafnleynd AA-samtakanna og hvaða tilgangi hún þjónar. Lestu t.d. upp úr bæklingnum “Nafnleyndin” á bls. 3: 12. erfðavenjuna og “Hvaða tilgangi þjónar nafnleyndin í AA-samtökunum?” og á bls. 8 “Staðreyndir um nafnleynd í AA-samtökunum” eða gerðu útdrátt úr því sem þarna stendur.
Lestu upp inngangsorð AA-samtakanna eða segðu þau með þínum eigin orðum og leggðu áherslu á nafnleyndina.

*) [Hér er verið að vitna í “Nafnleyndarspjald fyrir opna fundi”(Anonymity card for public meetings), sem ekki er til í íslenskri þýðingu og spurning hvort ekki getið komið í staðin það, sem stendur hér að neðan og tekið er upp úr bæklingnum “Nafnleyndin”?

“Nafnleyndin” bls. 3:

Hvaða tilgangi þjónar nafnleyndin í AA-samtökunum?

Nafnleyndin er hinn andlegi grundvöllur erfðavenja okkar og minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.

Hver er ástæðan fyrir því að hún er oft sögð vera besta trygging samtakanna fyrir áframhaldandi vexti og viðgangi?

Augljóst er af sögu AA-samtakanna frá því að þau voru stofnuð 1935 að nafnleyndin hefur þjónað tvennum en jafn mikilvægum tilgangi:

Nafnleynd kemur í veg fyrir að einstaklingar séu stimplaðir sem alkóhólistar, en það skiptir oft miklu máli fyrir nýliða.

Nafnleynd í opinberri umræðu undirstrikar jafnræði allra félaganna og kemur í veg fyrir að nokkur þeirra geti notað aðild sína að AA-samtökunum sér til framdráttar.

**

“Nafnleyndin” bls. 8:

Staðreyndir um nafnleynd í AA-samtökunum

- Fjölmíðlar bera ekki ábyrgð á því að hafa erfðavenjur okkar í heiðri; við berum ábyrgð á því sjálfir, hver og einn.
 - AA-félagar telja yfirleitt óráðlegt að rjúfa nafnleynd félaga sinna, jafnvel að þeim látnum, en í hverju tilviki ræður fjölskylda hins látna hvort það er gert.
 - AA-félagar mega segja til sín og tala sem alkóhólistar á batavegi, t.d. í viðtölum í útvarpi og sjónvarpi, án þess að brjóta í bága við erfðavenjurnar - svo fremi þeir ljóstri því ekki upp að þeir séu AA-félagar.
 - AA-félagar mega því aðeins tala sem slíkir, að ekki sé unnt að bera kennsl á þá og nafn þeirra sé ekki nefnt. Þá tala þeir í eigin nafni en ekki í nafni AA-samtakanna.]
- Ræddu sögu AA-samtakanna. Segðu frá upphafi samtakanna þegar Bill og Dr. Bob hittust í Akron (1935) og leggjðu áherslu á samkenndina sem var milli þessara tveggja manna. Vegna þessa fyrsta fundar hefur AA-hreyfingin fest rætur um allan heim. Nefndu áætlaðan fjölda meðlima og AA-hópa í þínu byggðarlagi.
 - Segðu í stuttu máli frá tólf spora leið AA-samtakanna og gerðu stuttlega grein fyrir því hvernig þú notaðir þau á þinni bataleið.
 - Hugleiðið hvort þið ættuð nú að sýna myndböndin “Hope: Alcoholics Anonymous”, “Young People and AA” eða “AA – It Works” allt eftir því hvernig áheyrendahópurinn er.
 - Útskýrið að AA-fundir geta verið með ýmsum hætti – ræðumannsfundir, umræðufundir o.s.frv., en að það eru tvær grunvallar tegundir:
 - Opnir:** Gestir eru velkomnir og nefnið, ef því verður við komið, að einstakir meðlimir séu reiðubúnir til þess að taka fagmann með á fund.
 - Lokaðir:** Fyrir AA-félaga eða þá sem hafa löngun til að hætta drykkju.

(32)

- Það er mikilvægt að hafa við höndina upplýsingar um fundi og fundartíma á svæðinu hvort heldur er yfir lokaða eða opna fundi. Verið undir það búin að gefa gestum upp nafn og símanúmer einhverra nefndarmanna.
- Ræðið hvers má vænta af AA og hvers ekki (bæklingurinn “AA í samfélaginu” og “Staðreyndir um AA-samtökin” á bls. 55 hér á eftir)
- Segið eigin sögu stuttlega og leggið áherslu á bata innan AA.
- Skiljið eftir nægan tíma fyrir spurningar og svör:
 - Trúverðuleiki okkar er metinn eftir því hvernig við gefum svör við spurningum . “Ég veit ekki” er oft besta svarið. Ef þú ert óöruggur um svarið, kannaðu spurninguna nánar og hafðu samband við spyrjandann síðar.
- Fordíst að láta í ljós álit á öðru en því sem viðkemur AA, þar með talið lyf og meðferð við alkóhólisma, sem beitt er af öðrum.
- Að fundinum loknum verið fljót að afgreiða beiðnir um lesefni. Bréf með þakklætisorðum ber að senda gestgjafanum.

(33)

KYNNINGAR FYRIR VINNUVEITENDUR

Margir atvinnuvegir sjá alkóhólisma sem sorglega sóun og aukakostnað og finnst það uppörvandi að AA kostar þá hvorki tíma né fjármuni. Þeir átta sig á kostum þess að hafa algáðan starfsmann, sem sækir AA-fundi og reiðubúinn til þess að miðla lesefni AA-samtakanna (jafnframt því að hann auglýsir tilvist AA).

Reynslan hefur sýnt að þegar nálgast á atvinnufyrirtæki er líklegast til árangurs að ganga beint til verks. Hringið í ritara starfsmannastjóra til þess að fá nafn og stöðuheiti þess aðila, sem tekur á vandamálum er tengjast alkóhólisma. Hafið síðan samband við þann aðila símléiðis og falist eftir viðtali. Fylgið símtalinu eftir með bréflægri staðfestingu.

Þegar viðtalið er fengið, skuluð þið bjóða fram samstarf við AA-samtökin. Útskýrið hvers er hægt að vænta af AA-samtökunum og hvers ekki er hægt að vænta. Starfsmannastjórar eru í flestum tilfellum ánægðir með að fá símanúmer á svæðinu, skrá yfir fundi (án símanúmera eða nafna) ásamt auglýsingaspjöldum og bæklingum. Bjóðist til þess að ræða við starfsmenn og/eða stjórnendur um AA-bataleiðina.

Sum fyrirtæki gefa út fréttabréf innan fyrirtækisins. Þar er hægt að dreifa upplýsingum um AA-samtökin og ná þannig til fleiri.

Minumst þess, að AA-samtökin hafa enga skoðun á áfengismálastefnu fyrirtækja, en það þýðir ekki að við getum ekki haft samvinnu innan marka erfðarvenja AA-samtakanna.

(34)

AÐ FLYTJA BOÐSKAPINN GEGNUM FJÖLMIÐLA

Almennar viðmiðunarlínur:

Það er vafasamt að AA-samtökin gætu hafa gripið inn í líf meir en tveggja milljóna alkóhólista nema til hefðu komið dagblöð, tímarit, útvarp og sjónvarp. Frá upphafi hefur fjölmiðlafólk virt starf AA-samtanna og kunnað að meta erfðavenjur okkar. Það hefur treyst okkur og átt skilið traust okkar.

Við höfum staðið vel að vígi í samskiptum okkar við fjölmiðla vegna þess að við höfum komið fram af heiðarleika. Meðlimir AA-samtakanna eru ekki, skulum við vona, að leita eftir persónulegum ávinningi eða kynningu, og fjölmiðlarnir virða okkur fyrir það. Markmið okkar er að hjálpa öðrum alkóhólistum, sem enn þjást, og við getum nálgast fjölmiðlafólk á svæðinu í þeirri vissu að við erum að koma á framfæri upplýsingum, sem eru áhugaverðar og gagnlegar fyrir lesendur, hlustendur og áhorfendur. Munið að það er vitur almannatengslamaður, sem veitir ritstjóra, fréttastjóra eða fréttamanni viðurkenningu fyrir einlægan vilja hans til að þjóna almenningi.

Hvað eru “raunverulegar fréttir”?:

Tækifæri til fréttu af Samtökunum fela meðal annars í sér staðreyndir um vöxt og viðgang AA-samtakanna, um fjölda meðlima af báðum kynjum, um breytingar í aldurshlutfalli milli meðlima, svo og útkomu nýrra AA-viðurkenndra bæklinga eða bóka eða alþjóðaráðstefna. Sumar þessara upplýsinga eru fyrir hendi í reglubundnum könnunum AA-samtakanna á fjölda funda og þátttöku í fundum¹.

(35)

Sú starfsemi, sem stungið er upp á í þessari vinnubók er fréttæm. Sumt kemur svo kunnuglega fyrir sjónir að við gleymum því að hún kunni að vera fréttæm fyrir þá, sem

¹ sennilega fer engin slík kerfisbundin könnun fram hjá AA-samtökunum hér á landi.

ekki eru AA-félagar. Batasagan sjálf eða erindi í skóla, eru oft gott fjölmiðlaefni. Landsþjónusturáðstefna eða svæðisbundnar þjónusturáðstefnur,² eru einnig fréttæfni.

Með vissu millibili prenta dagblöðin raðgreinar um alkóhólisma og AA-samtökin. Góð tengsl við dagblaðið á staðnum getur orðið uppspretta slíkra greina og veitt þér mikilvægt tækifæri til þess að vinna með höfundunum og stuðla þannig að aukinni nákvæmni greinaflokksins.

Fréttastofur sjónvarpsstöðva á svæðinu birta einnig oft fréttapætti um málaflokka, sem varða samfélagið. Sé samband haft við fréttastjóra stöðvarinnar varðandi fréttagildi bataleiðar AA-samtakanna kann það að verða launað með innilegu þakklæti fyrir “góða hugmynd að fréttæfni”.

Þegar þú leggur fram efni, gættu þess vandlega að láta fylgja með efst á síðunni fullt nafn þitt, heimilisfang og símanúmer undir yfirskriftinni: Frekari upplýsingar. (Auk þess sem þú óskar persónulegrar nafnleyndar við birtingu efnisins).

(36)

SUMT SEM ÞIÐ SKULUÐ GERA OG ANNAÐ SEM ÞIÐ SKULUÐ EKKI GERA

Gerið þetta:

1. Finnið út hver sér um þær fréttir, sem þið hafið fram að bjóða. Á dagblaði getur það verið ritstjórnarfulltrúi, sem t.d. sér um læknisfræðilegt efni, vísindaleg eða almenn málefni. Á hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum stöðvarstjóri eða dagskrárstjóri. Þú getur komist að því með símtali.
2. Vertu undir það búinn að geta svarað spurningum varðandi efnið eða vísað á hvar heimildir er að finna.
3. Gættu þess að koma með fréttina meðan hún er ennþá fréttænæg, sé fréttin ný af nálinni eða tengist ákveðinni tímasetningu.
4. Gættu þess að efnið sé rétt og nákvæmt og vélritað með tvöföldu línubili.
5. Sendu fréttaritaranum, sem var ábyrgur fyrir fréttinni, eða fréttastjóranum, þakkarbréf eftir að fréttin hefur birst.

Gerið ekki þetta:

1. Að bjóða eitthvað fram sem fréttir, sem birst hefur áður.
2. Að biðja um að fá að sjá fréttina áður en hún birtist, nema fréttamaðurinn biðji um að þú lesir hana yfir til að hafa hana sem nákvæmasta.
3. Að beita fréttastjóranum þrýstingi til að fá fréttina birta.
4. Að vænta þess að fréttin birtist nákvæmlega eins og þú óskaðir. Birtist alvarleg villa eða missögn, sem skemmir fréttina, nefnið það við fréttamanninn á hjálpsaman og kurteislegan hátt. Krefjist þess aldrei að fréttin sé dregin til baka.

(37)

AÐ VERNDA NAFNLEYNDINA Í VIÐTÖLUM Í HLJÓÐVARPI OG SJÓNVARPI

Stundum koma meðlimir AA-samtakanna fram í hljóðvarpi eða sjónvarpi til mikils gagns fyrir Samtökin og alkóhólisma, sem ennþá þjást. Margt fjölmiðlafólk veit af nafnleyndarhefðinni og er vant því að aðstoða meðlimi AA-samtakanna við að gæta persónulegrar nafnleyndar gagnvart almenningi. Fjölmiðlafólk, sem ekki þekkir erfðavenjur okkar, verður að fá útskýringar ykkar á þörfinni fyrir persónulega nafnleynd og ósk um samvinnu.

² svæðisbundnar þjónusturáðstefnur eru ennþá ekki haldnar hér á landi.

Meðlimur AA-samtakanna, sem kemur fram í hljóðvarpi eða sjónvarpi, og er kynntur sem AA-maður er öruggari ef hann fyrirfram kemur því skýrt á framfæri við stöðina, að aðeins sé notað skírnamn hans og ekki verði hægt að bera kennsl á hann. Jafnvel þótt nafn komi ekki fram, er það nafnleyndarbrot ef andlit hans birtist beint á skjánum.

Komi meðlimur AA-samtakanna fram í hljóðvarpi eða sjónvarpi, undir fullu nafni sem *alkóhólisti í bata* án þess að minnst sé á veru hans í AA-samtökunum, er það ekki nafnleyndarbrot. Hann getur þá birst eins og hver annar gestur og notað fullt nafn og mynd.

Fréttaviðtöl

Þegar menn koma fram í viðtalsþáttum sem meðlimir AA-samtakanna þar sem nafnleynd er í heiðri höfð, gerið spyrjandanum grein fyrir því fyrirfram, að hefð sé fyrir því að meðlimir AA-samtakanna einskorði umræðuna við bataleið AA-samtakanna. Þeir tala ekki sem sérfræðingar um sjúkdóminn alkóhólisma, fíkniefni, tíðni sjálfsvíga o.s.frv.

Það er hefð fyrir því, að meðlimir AA-samtakanna skýri það strax í byrjun, að þeir tali í eigin nafni en ekki í nafni samtakanna í heild. Almennt segja þeir að það sem fyrst og fremst skipti AA-samtökin máli sé bati þeirra alkóhólista, sem hafa leitað eftir aðstoð til Samtakanna

► (38)

og að þeim takist að lifa án áfengis. Þegar við tölum sem AA-menn gætum við þess vel að taka það fram, að AA-samtökin hafi enga skoðun á öðrum málefnum.

Viðtalsþættir og áþekkir þættir

Margar útvarpsstöðvar hafa reglulega viðtalsþætti þar sem hlustendur geta hringt í þættina (Opin lína, Hlustendur í beinni o.s.frv.). Þeir bjóða upp á ágætis tækifæri til að ræða hlutverk AA í samfélaginu. Sé slíkur dagskrárliður fyrir hendi á þínu svæði, hafðu þá samband við útvarpsstöðina og láttu dagskrárstjóra eða stjórnanda þáttarins, vita, að þú sért tilbúinn til að útvega fulltrúa til þess að ræða um AA-samtökin. Þið komið ykkur svo saman um dagsetningu og tíma.

Fulltrúi AA-samtakanna: Gakktu úr skugga um að sá aðili, sem tekur að sér að koma fram sem fulltrúi AA-samtakanna, þekki vel bæði erfðavenjurnar og sporin og sé fær um að taka þátt í umræðum og tjá sig á skynsamlegan og skilmerkilegan hátt. Það er mikilvægt að fulltrúinn sé fær um að svara nákvæmlega spurningum um AA-samtökin, bataleið þeirra og erfðavenjur og halda ró sinni og jafnvægi. Það er ekki svo sjaldgæft, að einhverjir hringi inn í umræðuþætti til þess að ráðast að þeim, sem eru fulltrúar þar. Gerist það, leggið þá áherslu á að AA-samtökin taki ekki þátt í deilumálum.

(39)

Árleg minnisblöð til fjölmiðla varðandi nafnleyndina

Á eftirfarandi blaðsíðum eru sýnishorn af minnisblöðum varðandi nafnleyndina, sem GSO sendir prentfjölmiðlum árlega. Þetta minnisblað er sent fréttablöðum í helstu borgum vítt og breitt um Ástralíu og einnig helstu hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum. Við leggjum til að svæðis- eða staðarnefnd um almannatengsl / samstarf við fagfólk sendi fréttablöðum, hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðvum svæðisins (staðarins) samskonar minnisblað. Hægt er að fá ljósrit af minnisblöðunum hjá skrifstofu LPN (?). Minnisblöð frá fólki á svæðinu (eða staðnum) kunna að vera áhrifameiri en minnisblöð, sem send eru í fjölpósti frá höfuðstöðvum samtakanna.

(40)

Minnisblað varðandi nafnleynd:

Til: Ritstjóra, fréttastjóra og ljósmyndara fréttablaða;
Fréttastjóra og þáttagerðamanna í hljóðvarpi og á sjónvarpsstöðva;
Stjórnenda viðtalsþátta í sjónvarpi.

Frá: Almennatengslanefnd AA-samtakanna.

Varðandi: NAFNLEYND

Við óskum eftir að þú styðjir okkur áfram með því, að kynna meðlimi AA-samtakanna

- aðeins með skírnarnafni
- og þannig að þeir þekkist ekki af myndum.

Nafnleyndin er hinn andlegi grundvöllur samtaka okkar og tryggir félögum okkar að batinn sé einkamál hvers og eins. Hinn virki alkóhólisti mun oft forðast þá aðstoð, sem gæti **gefið til kynna** hver hann eða hún er.

AA-samtökin tengjast engum öðrum samtökum þótt margskonar samtök kunni að hafa tekið upp tólfsporakerfi AA-samtakanna til eigin nota. AA-samtökin sjá sér sjálf farborða. Þau taka ekki við neinum utanaðkomandi framlögum, bjóða aðeins fram stuðning sjálfbodaliða þar sem einn alkóhólisti hjálpar öðrum, en veita ekki faglega aðstoð.

Jákvæðar frásagnir fjölmiðla vítt og breitt um heimsbyggðina hafa verið ein helsta leiðin til þess að vísa alkóhólistum á samtök okkar. Þú hefur gert þetta mögulegt og fyrir það erum við þakklát.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða óskar frekari upplýsinga, þætti okkur vænt um að heyra frá þér.

(41)

SAMFÉLAGSÞJÓNUSTUTILKYNNINGAR Í HLJÓÐVARPI OG SJÓNVARPI

Fundur “The General Service Conference of Alcoholics Anonymous” í Ástralíu gerði ályktun um að semja tilkynningu um samfélagsþjónustu, bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp, með áherslu á “aðlöðun fremur en áróður”.

Annar stofnenda AA-samtakanna Bill W. segir í XI. hugmynd um mikilvægi almennatengslastarfs:

Við erum að reyna að gera okkar besta til þess að ná til meir en 25 milljóna alkóhólista, sem í dag búa vítt og breitt um heimsbyggðina. Við þurfum að ná til þeirra bæði beint og óbeint. Til þess að ná þessu takmarki er nauðsynlegt að skilningur á AA-samtökunum og velvilji almennings í garð samtakanna haldi allsstaðar áfram að vaxa. Við þurfum að kynna okkur jafnvel enn betur fyrir heilbrigðisþjónustunni, trúfélögunum, vinnuveitendunum, stjórnvöldum, dómstólum, fangelsum, geðsjúkrahúsum, og öllum sem eru leiðandi á sviði áfengismála. Við þörfumst vaxandi velvildar ritstjóra, rithöfunda, hljóðvarps- og sjónvarpsrása. Þessa miðla, staðbundna, innlenda og alþjóðlega, þyrfti að opna æ betur, en samt sem áður án þess að beita þrýstingi og áróðursaðferðum. Það er til allra þessara miðla og gegnum þá, sem við verðum að reyna að breiða út boðskap AA-samtakanna til þeirra, sem þjást af völdum alkóhólisma.

(AA Service Manual / Twelve Concepts for World Service, bls. 51)

(42)

Flestar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar ætla ákveðið margar tímaeiningar á ári hverju til þess að útvarpa “efni í þágu samfélagsins”. Þessar dagskrár fela oft í sér útvarp á tilkynningum varðandi samfélagsþjónustu. The General Service Conference of

Alcoholics Anonymous lætur í té tilkynningu um samfélagsþjónustu fyrir hljóðvarp og sjónvarp, sem samin hefur verið af nefnd trúnaðarmanna um almannatengsl / samstarf við fagfólk. Á sumum svæðum eru mjög vandaðar tilkynningar framleiddar með góðum árangri af almannatengslanefndum / samstarfi við fagfólk með tiltölulega litlum tilkostnaði. Á grundvelli erfðavenja okkar er hægt að útbúa slíkar tilkynningar til þess að sýna að AA-samtökin eru starfandi á staðnum (svæðinu).

Að nálgast útvarpsstöðvar staðarins (svæðisins)

Þegar þú ert að reyna að fá tilkynningu um samfélagsþjónustu senda út á öldum ljósvakans, getur þú t.d. hringt í þjónustu- eða upplýsingafulltrúa útvarpsstöðvarinnar, dagskrárstjóra hennar eða framkvæmdastjóra. Spurðu hvort þú megir persónulega afhenda þeim tilkynninguna á hljóðsnældu eða á myndbandsspólu (eða á DVD). Farðu fram á að fá að afhenda efnið persónulega ákveðnum aðila jafnvel þótt þér sé sagt að þú skulir bara senda efnið ákveðnum aðila í pósti. Gerðu grein fyrir þér og láttu koma greinilega fram að þú ert sjálfboðaliði. Þótt þú kynsir þig sem AA-félaga, ert þú ekki að brjóta erfðavenju nafnleyndarinnar.

Kennimerki AA-samtaka staðarins: Tilkynningar um samfélagsþjónustu í hljóðvarpi eða sjónvarpi þurfa ekki að vera með símanúmeri (og heimilisfangi) á staðnum. Hægt er að bæta við símanúmeri svo og öðrum upplýsingum. svo sem inngangi þar sem segir: “Þetta er tilkynning um samfélagsþjónustu”. Þessu getur svæðisútvarpsstöðin sjálf bætt við tilkynninguna. Svæðisútvarpsstöðin mun oft bjóðast til að annast þá litlu upptöku, sem nauðsynleg er eða þú getur sjálfur beðið þá um að annast hana.

► (43)

Hafðu samband við fleiri en eina stöð: Rétt er að binda sig ekki alfarið við eina útvarpsstöð þegar leitað er eftir innhlaupi með kynningu á AA, enda ætlast stöðvarnar ekki til þess. Þantið jafn mörg eintök af tilkynningum um samfélagsþjónustu og stöðvarnar á þínu svæði eru margar.

Þegar útvarpsstöðin hefur birt tilkynninguna er mjög mikilvægt að senda tengiliðnum þakkarbréf fyrir hönd AA-samtakanna. (Það verður jafnframt velkomin viðbót við skrá stöðvarinnar yfir samfélagsþjónustu hennar. Tilkynningar um samfélagsþjónustu fyrir sjónvarpsstöðvar eru tilbúnar á VHS myndbandssnældum og tilkynningar fyrir hljóðvarpsstöðvar á venjulegum snældum. Sjá pöntunareyðublað fyrir þessar tilkynningar (hljóðvarp og/eða sjónvarp) í vasa á vinnubókarmöppu.

BAKGRUNNUR YFIRLITSKÖNNUNAR Á ÞÁTTTÖKU Í AA

Samþykkt var einróma á sameiginlegri þjónusturáðstefnu Bandaríkjanna og Kanada að mæla með gerð fyrstu yfirlitskönnunar á AA-samtökunum og hún var framkvæmd 1968. Síðan hafa Samtökin í Norður-Ameríku gert könnun þriðja hvert ár og hafa þær upplýsingar, sem safnast hafa, verið gerðar aðgengilegar almenningi í AA-bæklingi. Reglubundin birting á niðurstöðum kannana hefur ætíð framkallað skæðadrífu af beiðnum til GSO um meiri upplýsingar um AA-samtökin og margar góðar greinar hafa birst um Samtökin og tækifæri til bata innan þeirra.

Hin sameiginlega þjónusturáðstefna Ástralíu ákvað að fylgja fordæmi Bandaríkjanna/Kanada og fyrsta könnunin á þátttöku í AA-samtökunum Ástralíu fór fram árið 1987 og aftur 1992. Niðurstöðurnar voru gefnar út í formi bæklinga og honum var dreift víða til hópa og nefnda um almannatengsl / samstarf við fagfólk. Nú eru gerðar reglulegar kannanir og niðurstöður kynntar félögum í gegn um “AA Around Australia”.

(44)

Dæmi um fylgibréf til lækna, klerka, lögfræðinga, meðferðaraðila eða ráðgjafa.

Reykjavík, 10. júní 2003-12-05
Hr./Sr. NN. læknir/lögfræðingur/ráðgjafi/sóknarprestur
Heimilisfang,
póstnúmer / bæjarfélag.

Kæri læknir/lögfræðingur/ráðgjafi/sóknarprestur.

Þér er ef til vill kunnugt um samtök ónefndra áfengissjúklinga, sem þekkt eru undir heitinu AA-samtökin. Hugsanlega ert þú í tengslum einhverja (sjúklinga, nemendur, skjólstæðinga, safnaðarmeðlimi), sem eiga við áfengisvanda að stríða og gætu haft gagn af bataleið AA-samtakanna. Þátttaka í þín í samstarfsverkefni samtakanna með fagfólki gæti hugsanlega orðið þér að liði við að koma þessum upplýsingum til þeirra.

Viðheft blað með “staðreyndum um AA-samtökin” skýrir í stuttu máli hvað AA-samtökin geta gert og hvað þau geta ekki gert. Það er vísbending um þann ótrúlega áhrifamátt, sem fagfólk getur beint að ofdrykkjumanninum. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi AA-samtökin, sem þig langar til að leggja fyrir óvirka alkóhólista, getum við útvegað þér tengilið við samtökin, sem fús er til þess að svara þessum spurningum persónulega. Hann eða hún er jafnframt reiðubúin til þess að koma (sjúklingi, nemanda, skjólstæðingi o.s.frv.) þínum með áfengisvandann í samband við AA-samtökin.

Hafir þú áhuga á að fá upplýsingabæklinga eða heimsókn frá AA-félögum, vinsamlega fylltu út meðfylgjandi bréfsþjald og sendu það í meðfylgjandi umslagi, sem búið er að árita með nafni og pósthfangi viðtakanda.

Við erum ávallt til taks fyrir þig og þá sem þú ert að vinna með.

Með vinsemd,

Jóhannes B., oddamaður
nefndar um almannatengsl / samstarf við fagfólk
[Upplýsingarnefndar Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á Íslandi]

Meðfylgjandi: Staðreyndir um AA-samtökin,
Svarspjald og umslag með pósthfangi okkar.

(47)

Sé notuð dálítið önnur nálgun, gæti lesmál annars bréfs hljóðað svo:

Þetta bréf berst þér frá AA-samtökunum. Með því vilja AA-samtökin bjóða þjónustu sína þeim til handa (sjúklingum, nemendum, skjólstæðingum, safnaðarmeðlimum þínum), sem kunna að eiga við áfengisvanda að stríða. Stöðu þinnar vegna hefur þú einstætt tækifæri til þess komast í samband við þá, sem við nefnum “alkóhólista sem enn eru að þjást”.

Markmið nefndar okkar fyrir almannatengsl og samstarf við fagfólk er að sýna “vinum okkar alúð” hvar sem þeir eru staddir á lífsins braut svo að AA-boðskapurinn um bata einstaklingsins geti náð til fleiri, sem þarfnast hjálpar okkar og vilja þiggja hana.

Í stuttu máli eru AA-samtökin hnattrænn félagsskapur sem hefur innan vébanda sinna meira en tvær milljónir karla og kvenna, sem hjálpa hvert öðru til að vera allsgáð og bjóðast til þess að deila batareynslu sinni með öðrum. Hver sá sem telur sig eiga við áfengisvanda að stríða er velkominn á AA-fund.

Mun fleiri upplýsingar um AA-samtökin er að finna í bæklingum samtakanna. Á meðfylgjandi bréfsþjaldi eru talin upp nokkur atriði, sem þú kannt að hafa áhuga á. Sé þetta bréfsþjald sent aftur til okkar og merkt við eitt eða fleiri atriði, munum við svara um hæl með símtali til þess að skipuleggja hvernig við getum komið til móts við óskir þínar á þann hátt, sem best hentar þér.

(Orðalagi má breyta eins og best hentar þörfum viðtakenda).

Blaðið með “staðreyndum um AA-samtökin”, sem er að finna á **(bls. 55)** skýrir ljóslega hvað AA gerir og hvað AA gerir ekki. Það má gjarnan fylgja með öllum bréfum.

Upplýsingarnar á staðreyndablaðinu hafa svarað mörgum spurningum um Samtök okkar.

(48)

Fylgibréf til skóla:

Ágæti

Við í Almannatengslanefnd (svæðisnefndar) [Upplýsingarnefnd] AA-samtakanna (á Reykjavíkursvæðinu) viljum gjarnan fá tækifæri til að gefa nemendum ykkar upplýsingar um leið AA-samtakanna til bata frá áfengissýki.

Með leyfi ykkar gætum við deilt með þeim upplýsingum um hvernig svo mörgum okkar, þar á meðal ungu fólki, hefur tekist að hefta áfengissýki með þátttöku í AA-samtökunum. Meðfylgjandi eru nokkrir bæklingar með upplýsingum handa þér. Auk þess sendum við þér eintak af AA-bókinni handa bókasafni skólans.

Við hlökkum til að heyra frá þér og til þess að veita frekari upplýsingar um AA-samtökin.

Með bestu kveðjum,

(49)

Fylgibréf til lögreglunnar:

Ágæti

Við í Almannatengslanefnd fyrir (svæðisnefnd) [Upplýsingarnefnd] AA-samtakanna (á Reykjavíkursvæðinu) óskum eftir leyfi þínu til að heimsækja lögreglustöðina í þeim tilgangi að veita upplýsingar um leið okkar til bata frá áfengissýki (alkóhólisma).

[AA-samtökin hafa um margra ára skeið átt samstarf viðá svæðinu varðandi fræðslu þeirra, sem hafa verið handteknir fyrir ölvunarakstur.] Margir meðlima AA-samtakanna hafa komist í kast við löginn vegna alkóhólisma síns. Í dag eru þeir nýtir borgarar og öruggir ökumenn.

AA-samtökin tengjast ekki neinum öðrum samtökum eða stofnunum. Við viljum láta vita af okkur og erum til taks, ef við getum orðið að liði.

Með bestu kveðjum,

(50)

Fylgibréf til útvarpsstöðva:

Ágæti

Hér koma þær tilkynningar um samfélagsþjónustu, sem þú baðst um. Meðlimir AA-samtakanna eru rúmlega tvær milljónir í 158 löndum vítt og breitt um heimsbyggðina. Hér í höfum starfandi sjálfstæðar deildir, sem koma saman einu sinni eða oftár í hverri viku.

Leið AA-samtakanna er leið aðlöðunar fremur en áróðurs og meðlimir gæta nafnleyndar gagnvart almenningi. Við erum fúsir til þess að koma í viðtöl, taka þátt í umræðum eða koma í símaviðtöl, að því tilskildu að nöfnum okkar sé haldið leyndum. Ef þú vilt fá aðstoð við að kynna hlustendum þínum sögu AA-samtakanna á þessu svæði, vinsamlega hafðu samband við mig í síma eða bréflega. Sími og heimilisfang hér að neðan.

Meðfylgjandi lesmál um AA-samtökin fylgir til frekari upplýsingar.

Með þökk fyrir áhuga þinn á AA-samtökunum.

Bestu kveðjur,

Símanúmer
Heimilisfang.
(53)

SÝNISHORN AF AUGLÝSINGUM Í BLÖÐUM

Sumar nefndir setja smáauglýsingar í blöð svæðisins og greiða fyrir þær. Í því tilfalli að þú þurfir að kaupa auglýsingu, eru hér tvær hugmyndir að auglýsingum:

VILJIR ÞÚ DREKKA, ÞÁ ER ÞAÐ ÞITT MÁL.

VILJIR ÞÚ HÆTTA, ER ÞAÐ OKKAR.

HRINGDU Í AA-SAMTÖKIN

(SÍMI)

(HEIMILISFANG)

HEFUR ÞÚ STUNDUM ÓSKAÐ ÞESS AÐ ÞÚ GÆTIR EYTT FRÍDEGI ALGÁÐUR?

HRINGDU Í AA-SAMTÖKIN

(SÍMI)

Mörg blöð bjóða upp á ókeypis auglýsingar fyrir samfélagstilkynningar. Það er æskilegast, þar sem því verður viðkomið, að spara ónauðsynleg útgjöld með því að nýta þessa þjónustu.

(54)

Staðreyndir um AA-samtökin

Inngangsorð AA-samtakanna á Íslandi:

AA-samtökin (Alcoholics Anonymous), eru félagsskapur karla og kvenna, sem samhæfa reynslu sína, styrk og vonir, svo að þau megi leysa sameiginlega vandamál sín og séu fær um að hjálpa öðrum til að losna frá áfengisbölinu.

Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka.

Inntöku- eða félagsgjöld eru engin, en með innbyrðis samskotum sjáum við okkur efnalega farborða.

AA-samtökin eru sjálfstæð heild og óháð hvers kyns félagsskap öðrum¹. Þau halda sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinberra mála. Höfuðtilgangur okkar er að vera ódrukkin og að styðja aðra alkóhólista til hins sama.

Enginn getur hætt drykkjuskap nema hann vilji það sjálfur.

¹ Í amerísku útgáfunni eru sérstaklega taldir upp: kreddutrúarhópar, sértrúarsöfnuðir, stjórnmalastefnur eða -flokkar.

Hvers má vænta af AA

- Gestir, sem ekki eru alkóhólistar, eru velkomnir á “opna” AA-fundi. Þátttaka í “lokuðum” AA-fundum takmarkast við þá, sem eru alkóhólistar og telja að eigi við áfengisvanda að stríða.
- Á fundum deila meðlimir AA-samtakanna batareynslu með sérhverjum þeim, sem leitar hjálpar vegna áfengisvanda. Þeir veita hver og einn persónulegan stuðning þeim alkóhólistum sem leita til AA og gerast “trúnaðarmenn” þeirra ef þess er beðið.
- AA-bataleiðin eins og hún er sett fram í sporunum tólf áleiðis að bata, veitir alkóhólistanum tækifæri til að lifa ánægjulegu lífi án áfengis.

Hvers má ekki vænta af AA

1. Læknisfræðilegra eða geðlæknisfræðilegra sjúkdómsgreininga, spár um batahorfur eða ráðlegginga.
2. Afvötnunar- eða hjúkrunarþjónustu, innlagningar á sjúkrahús, lyfjagjafar, húsnæðis, starfs, peninga eða annarar félagslegrar þjónustu.
3. Greiðslu fyrir þjónustu eða framlaga frá aðilum utan samtakanna.
4. Ritunar meðmælalbréfs til náðunarnefnda, lögfræðinga, dómstóla, félagsmálastofnana, vinnuveitenda o.s.frv.
5. Þátttöku eða stuðning við menntun, rannsóknir eða faglega meðferð.

Bati okkar byggist á að samhæfa reynslu okkar, styrk og vonir, svo að við megum leysa sameiginlega vandamál okkar og séum fær um að hjálpa öðrum til að losna frá áfengisbólinu.

(55)

BRÉFSPJALD:

Bréfspjald til beiðni um frekari upplýsingar	
1.	Hefur þú áhuga á að fá félagi úr AA-samtökunum til þess að ræða við einhvern einstakling eða hóp á þínum vegum? []
2.	Hefðir þú áhuga á að verða samferða AA-félaga á <u>opinn</u> AA-fund? (Opnir fundir eru bæði fyrir alkóhólista og þá, sem ekki eru alkóhólistar) []
3.	Viltu að við látum þér í té lista yfir AA-fundi, dagasetningu, stund og stað? []
4.	Viltu að við sendum þér lista yfir AA-lesefni og pöntunareyðublað? (Við eigum eitthvað af bæklingum til dreifingar án endurgjalds). []

(56)

Í þessu handriti eru prentuð með rauðu þau atriði, sem ekki eru bein þýðing **Public Information Workbook** AA-samtakanna. Tölur innan svig í vinstri jaðri handritsins eru tilvísun í blaðsíðutal **Public Information Workbook**.

Almennings upplýsinganefnd

Skýrsla flutt á Þjónusturáðstefnu 2003

Almennings upplýsinganefnd sú, sem sett var á laggirnar árið 2000, hefur því miður hvorki starfað né dafnað sem skyldi. Til þess liggja sjálfsagt ýmsar ástæður.

Sú fyrsta er líklega skortur formanns nefndarinnar á dugnaði, tíma og forustuhæfni.

Aðra ástæðu mætti telja þá, að í upphafi var skipan nefndarinnar þannig, að tveir af nefndarmönnum voru utan af landsbyggðinni og þurftu að leggja á sig erfiðar og jafnvel varasamar vetrarferðir til þess að sækja fundi í nefndinni, sem því hlutu að verða of strjálir.

Þriðju ástæðan gæti verið sú, að sumum nefndarmönnum þótti óþarfi að vera að eyða miklum tíma í að kynna AA-samtökin á Íslandi því þau væru þegar svo vel kunn að vart væri þörf á að starfrækja sérstaka nefnd til þess að kynna þau betur. Þau væru þegar í samstarfi við helstu meðferðarstofnanir alkóhólisma í landinu, störfuðu víða í safnaðarheimilum, æðruleysismessur væru fluttar í nokkrum kirkjum og AA-fundir væru í fangelsum o.s.v.frv.

Fjórdða ástæðan, að slík nefnd er nýmæli hér á landi og því ekki fyrir hendi hefðir, eða reynsla af starfsemi Almennings upplýsinganefndar. Reyndar er til vinnubók fyrir slíkar nefndir gefin út af GSO í Bandaríkjunum, en hún er á ensku og að nokkru leyti miðuð við aðstæður í Bandaríkjunum.

Þar sem flestir þeirra, sem upphaflega voru kosnir til starfa í nefndinni, eru dottnir úr leik, hefur sú litla starfsemi, er fram hefur farið í nefndinni, hvílt á herðum formanns og tveggja, eða þriggja sjálfboðaliða, er starfað hafa með honum. Starfið hefur fyrst og fremst beins að því að snúa vinnubókinni yfir á íslensku þannig að hún geti orðið góður stuðningur og leiðsögn fyrir Almennings upplýsinganefndir í framtíðinni og að ræða og átta sig á hver ættu að vera verkefni upplýsinganefnda í framtíðinni.

Samkvæmt vinnubókinni skifta AA-samtökin í Bandaríkjunum verkefnum upplýsinganefnda aðallega í tvennt: upplýsingu almennings og upplýsingu fagfólks og samvinnu við það.

Upplýsing almennings þýðir hjá AA-samtökunum það, að flytja boðskapinn um bata til þeirra alkóhólisma, er enn þjást, með því að upplýsa almenning um bataleiðir AA-samtakanna.

Hins vegar er svo starfsemi er miðar að samstarfi við fagfólk og felur hún í sér, að upplýsa fagfólk um AA – hvað AA er, hvar AA er, hvað AA getum gert og hvað AA getum ekki gert. Reynt er að koma á betri samskiptum milli meðlima AA-samtakanna og fagfólksins og finna einfaldar og áhrifaríkar leiðir til samstarfs án þess að verða því áhangandi.

Ég tel, að reynsla af starfi í upplýsinganefndinni þessi þrjú ár hafi gert mér ljós eftirfarandi atriði:

- Það er þörf fyrir tilveru og starfsemi slíkrar nefndar í beinum tengslum við Landsþjónustunefnd.
- Nefndin þyrfti að vera skipuð fólki af Stór-Reykjavíkursvæðinu og næsta nágrenni þannig að hún gæti komið saman oft og með stuttum fyrirvara.
- Nefndin þyrfti að vera skipuð a.m.k. einum aðila úr LPN (gjaldkera?) og einum frá AA-útgáfunni.
- Nefndin þyrfti að hafa nokkur fjárráð, að hluta til í formi AA-bæklinga til dreyfingar, bæði fyrir sjálfa sig og til þess að úthluta staðbundnum upplýsinganefndum.

- Fyrir utan aðal nefndina þyrftu að vera fleiri staðbundnar upplýsingarnefndir, ekki síst til þess, að mynda og halda tengslum við fagfólk á staðnum (heilsugæslulækna, sjúkrahússlækna, presta, löggæslu, stjórnendur skóla o.sv.frv.), en einnig við stjórnendur stórra vinnustaða.
- Formenn slíkra upplýsingarnefnda ættu að starfa í nánu samstarfi við Almennings upplýsinganefnd LPN, vera valdir af svæðisnefndum, eða samstarfsnefndum á svæðinu, en fengju með sér áhugasama sjálfboðaliða til starfa.
- Almennings upplýsinganefnd LPN ætti að halda reglulega vinnufundi með formönnum staðbundina upplýsinganefnda og áhugasömum sjálfboðaliðum. Þar væri farið yfir mikilvæg atriði vinnubókarinnar m.a. það, að leggja áherslu á erfðavenju nafnleyndar og að aðlöðun sé beitt en ekki áróðri. Jafnframt væru ræddar hinar ýmsu leiðir til þess, að fullnægja fimmtu erfðavenjunni og flytja alkóhólistum, sem enn þjást, boðskap samtakanna. Skoðað væri hvaða tækifæri er hægt að nýta til þess á hverjum stað og þá hvernig.
- Öllum meiriháttar tækifærum til kynningar AA í fjölmiðlum ætti að vísa til Almennings upplýsinganefndar LPN, þannig að hún geti tekið afstöðu til þeirra, fyrst og fremst með það fyrir augum, að koma í veg fyrir nafnleyndarbrot, áróður og að boðskapur AA-samtakanna sé affluttur.
- Almennings upplýsinganefnd LPN og Landsþjónustunefnd verða í sameiningu að taka ákvarðanir um alla kynningarstarfsemi, sem felur í sér einhvern verulegan kostnað fyrir Samtökin.
- Ætla má, að vegna 50 ára afmælis AA-samtakanna á Íslandi á næsta ári muni skapast sérstök tæki færi til kynningar á AA-samtökunum, sögu þeirra og bataleið. Eðlilegt væri að reyna að nýta þessi tækifæri í góðri samvinnu milli Afmælisnefndar og Upplýsingarnefndar.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur á lengri upptalningu, aðeins geta þess að lokum, að uppkast að þýðingu á Vinnubókinni er langt komið og ætti að ljúka fljótlega.

Ef nefndin á að verða starfhæf þarf að kjósa nýja menn til starfa í henni í stað þeirra, sem helst hafa úr lestinni. Af ástæðum, sem ég gat um hér að framan, þá þyrftu þessir menn helst að vera af Stór-Reykjavíkursvæðinu eða úr næsta nágrenni.

Jóhannes Bergsveinsson, ei-alki.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 15.07.2003:

Mættir: J., E., P., Va. og Vi.

Þetta var rætt:

1. Koma á tengslum upplýsingarnefndar og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði með það fyrir augum að kynna AA-samtökin og bataleiðir þeirra lögreglumönnum, er í starfi sínu þurfa að hafa afskipti af alkóhólistum og aðstoða þá og/eða aðstandendur þeirra. Byrja á því að hafa samband við embætti ríkislögreglustjóra. Einnig þarf að koma á tengslum við lögregluskólann. Vi. og P. tóku að sér þetta verkefni.
2. Rætt um að koma á fundi með landsbyggðarfólki með það markmið fyrir augum að aðstoða AA-deildir á landsbyggðinni til þess að koma á svæðisbundnum upplýsingarnefndum til þess að annast kynningu á AA-samtökunum og bataleiðum þeirra hjá þeim aðilum á svæðinu er þurfa að hafa afskipti af alkóhólistum og aðstoða þá og/eða aðstandendur þeirra. Heppilegt gæti verið að halda slíkan fund í tengslum við fund með svæðisnefndum ef haldinn yrði kring um 20.10. n.k.

Næsti fundur: Þriðjudaginn 19.08.2003, kl. 19:00 í Gula-húsinu.

J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 19.08.2003:

Mættir: J., E. og P. Va. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var rætt:

1. P. sagði frá því að hann og Vi. hefðu haft samband við embætti Ríkislögreglustjóra með það fyrir augum að kynna þeim AA-samtökin og AA-leiðina og styrkja tengsl þeirra við samtökin, skjólstæðingum þeirra til hagsbóta. Munu í framhaldi af því ræða við alla lögregluvarðstjóra á Stór Reykjavíkursvæðinu.
2. Eric hafði samband við AA-samtökin á Akureyri, en þar hafa samtökin komið sér upp eigin upplýsingarnefnd. Rætt um að koma á sameiginlegum fundi með þeim í haust til þess að samræma sarfsemi og aðferðir.
3. Endanlegt svar hefur ekki borist enn frá GSO varðandi erindi útvarpsstöðvar 100.7, en þegar E. ræddi við þá símleiðis tóku þeir jákvætt í leyfisveitingu að því tilskildu að LPN hér treysti sér til þess að veita leyfi.

Næsti fundur: Þriðjudaginn 16.09.2003, kl. 19:00 í Gula-húsinu.

J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 16.09.2003:

Mættir: J., E., P. og Va. Vi. boðaði forföll. Vegna klaufaskaps og undirritaðs láðist að boða bæði K. og Ey. og biðst ég innilega afsökunar á því og skammast mín eðlilega fyrir frammistöðuna.

Þetta var rætt:

4. Upplestur úr AA-bókinni á stöð 100.7, en málið er í biðstöðu og verður væntanlega rætt á næsta fundi LÞN.
5. E. greindi frá því að hann hefði rætt við K. M., hinn nýja áfengisfulltrúa þjóðkirkjunnar, um samstarf við nefndina varðandi kynningu á bataleið AA-samtakanna og fékk jákvæðar undirtektir svo sem vænta mátti.
6. Rætt var um að kynningarnefndin mætti á fundi, sem haldinn verður með LÞN og samstarfsnefndum 11. október nk. kl. 10.
7. Va. og J. munu halda áfram störfum að þýðingu Public Information Workbook, en nú hafa verið þýddar 30 af 59 síðum.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 14.10.2003, kl. 19:00 í Gula-húsinu.

J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 14.10.2003:

Mættir: E., Ey., J., K., Vi. og Va.. K. og P. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

1. Almenningsupplýsingarnefndir og nefndir um samvinnu við fagfólk á vegum svæðisbundinna samstarfsnefnda:
 - Væru líklegar til að efla starf AA-samtakanna á svæðinu til gagns fyrir þá alkóhólista þar, sem enn þjást: a) með því að breiða út þekkingu á bataleið AA hjá þeim, sem helst komast í snertingu við sjúka alkóhólista. b) með því að efla 12. spors vinnu.
 - Slík nefnd mun þegar komin á laggirnar á Akureyrarsvæðinu.
 - Rætt var um að í framtíðinni tæki Samstarfsnefnd Reykjavíkur við því verkefni, er Vi. og P. hafa verið að vinna að ásamt hópi annarra AA-manna og vel er komið í gang og fylgdi því eftir (samstarfi við lögreglu á Höfuðborgarsvæðinu).
2. K. M. sérþjónustuprestur, er vinna mun að vímuvarnarmálum við Biskupsstofu mætti á fundinn. Hann undirstrikaði jákvæðan hug Kirkjunnar til AA-samtakanna og bar þau skilaboð að, Kirkjan vildi bjóða fram samstarf um að marka tímamót á 50 ára afmæli AA-samtakanna á Íslandi á næsta ári ef þess væri óskað. Va. og J. munu halda áfram störfum að þýðingu Public Information Workbook, en þýðingunni miðar hægt, en örugglega áfram. Vantar nú aðeins herslumuninn.
3. Rætt var um að kynningarnefndin mætti á fundi, sem haldinn verður með LÞN og samstarfsnefndum 25. október nk. kl. 13:30 í Gula-húsinu á 2. hæð..
4. Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 11.11.2003, kl. 19:00 í Gula-húsinu.

J.

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 11.11.2003:

Mættir: E. og J. Vi., P. og Va. boðuðu forföll. K. var staddur erlendis.

Þetta var helst rætt:

1. Að nefndarmenn lesi yfir þá upplýsingarbæklinga, sem til eru á íslensku [*Er AA fyrir þig* (bæklingur), *Hvað er AA ?* (bæklingur), *AA í samfélaginu* (bæklingur), *44 spurningar og svör* (bæklingur), *Stuðningur trúnaðarmanns* (bæklingur), *Er alkóhólisti ykkur nákominn?* (bæklingur), *AA deildin* (bæklingur), *Nafnleyndin* (bæklingur), *AA á meðferðarstöðvum* (bæklingur), *Dálítill vegvisir að AA* (bæklingur), *Nýliði spyr* (bæklingur), *Sporin tólf* (myndabæklingur), *AA fyrir konur* (bæklingur), *Fundarskrá* (spjald), *Æðruleysisbænin* (spjald), *Dagurinn í dag* (spjald), *Reynslusporin* (spjald), *Hvað tekur nú við?* (spjald)] með það fyrir augum að gera sér grein fyrir því hvað af þessu lesefni henti best til kynningar á AA-samtökunum og bataleiðum þeirra.

Það kom fram í umræðunum, að líklega sé árangursríkara að hitta menn og ræða við þá auglitis til auglitis stuttlega, verði því viðkomið, fremur en að (tala við þá í síma og) senda þeim lesefni um AA-samtökin í pósti. Hins vegar sé best að gera hvortveggja, ræða við menn persónulega og skilja eftir hjá þeim lesefni, en það þurfi að vera skýrt og skorinort og megi ekki vera of langt.

Þá kom fram, að misjafnt sé hverskonar lesefni henti hverjum viðmælanda. Hjá sumum aðilum kunni að gæta misskilnings, er valdi óöryggi gagnvart AA-samtökunum, og þurfi lesefnið þá að vera þannig valið, að það leiðrétti þennan misskilning og auki öryggi. T.d. undirstriki það gagnvart heilbrigðisstéttum að AA-samtökin séu samtök áhugamanna, en ekki fagfólks og geri ekki læknisfræðilegar, eða geðlæknisfræðilegar, sjúkdómsgreiningar, eða spár um batahorfur og veiti hvorki faglegar ráðleggingar né meðferð. Annist hvorki afvötnunar- eða hjúkrunarþjónustu, innlagningar á sjúkrahús, eða lyfjagjöf. Gagnvart stjórnálamönnum, að AA-samtökin taki ekki afstöðu til annarra málefna en sinna eigin og þyggi ekki fjármuni fyrir starfsemi sína, o.s.v.frv.

Nefndarmenn líti yfir lesefnið m.a. með þessi atriði í huga og meti hvaða lesefni sé heppilegast gagnvart hinum ýmsu aðilum og aðstæðum.

J. ætlar að biðja skrifstofuna um að taka saman sýnishorn af þeim bæklingum sem um er að ræða og setja í umslög handa hverjum nefndarmanni.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 9.12.2003, kl. 19:00 í Gula-húsinu.

J.

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 9.12.2003:

Mættir: Vi. og J. P. og Va. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

1. J. lagði fram þýðingu á Upplýsingahandbókinni, er hann hafði lokið við að þýða í samvinnu við Va. Eftir er að lesa yfir þýðinguna og ef til vill að staðfæra hana, en hún tekur mið af Bandarískum aðstæðum.
2. Rætt var lítillega um hvað af því AA-lesefni, sem til er á íslensku, henti best fyrir hinar ýmsu aðstæður og mismunandi hópa, sem verið er að kynna AA-samtökin og bataleiðir þeirra.

P. sendi inn eftirfarandi álit varðandi þetta: “Ég hef lesið yfir bæklingana og tel að þrír þeirra henti best til þeirra nota sem við erum að tala um:

1. Er alkóhólisti ykkur nákominn?
2. Nýliði spyr ...
3. AA í samfélaginu.

Ég tel að fyrstu tveir bæklingarnir geti nýst lögreglu til þess að dreifa til fólks sem hún á samskipti við og sá þriðji veiti upplýsingar um það hvað AA er og hvað AA er ekki, og þar með hnykkir hann á þeim atriðum sem við leggjum hvað mesta áherslu á í samtölum okkar við fagfólkið.

Í þeim samtölum sem fram hafa farið til þessa hefur einmitt verið gætt vel að því að taka fram að AA séu áhugamannasamtök sem annist ekki læknisfræðilega þjónustu, hafi ekki skoðun á læknisfræðilegum álitaeftum o.s.frv (sbr. punktana sem nefndir eru í fundargerðinni*). Í raun hefur meginsteff þeirra samskipta allra verið í þeim anda sem rætt er um í fundargerðinni*.” (*Fundargerð síðasta fundar).

3. Þá var rætt nokkuð um, að í famtíðinni yrðu líklega flestar svæðisbundnar samstarfsnefndir með upplýsinganefndir starfandi innan sinna vébanda til þess að kynna lykilaðilum á svæðinu starfsemi og bataleiðir AA-samtakanna. Þá yrði hlutverk upplýsinganefndar LPN meira fólgið í því, að hafa samstarf við aðrar upplýsinganefndir hjá grasrót samtakanna, styðja störf þeirra og halda utan um þá reynslu, er af starfi þeirra fæst, og miðla áfram eftir þörfum.
4. Viðar sagði frá því að eftir áramótin myndu þeir aðilar, er rætt hafa við lögregluna og farið með kynningu til hennar, heimsækja starfsfólk Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og hverfamiðstöðva hennar með upplýsingar um starfsemi og bataleiðir AA-samtakanna.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 6.01.2004, kl. 19:00 í Gula-húsinu.

Bestu óskir um gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár og þökk fyrir samstarfið á árinu, sem er að líða.

J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 6.01.2004:

Mættir: Vi., J., P. og Va.. K. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

5. Rætt var um handritið af þýðingu Public Information Workbook, sem tekur mið af allt öðrum aðstæðum en eru hér á landi og þyrfti því að staðfæra í samræmi við héraðslögreglu. Ákveðið var að láta bíða að endurskoða og staðfæra handritið að þýðingunni þar til fengin væri meiri reynsla af starfi upplýsingarnefndar á svæði SSR og nýta þá reynslu við endurskoðun handbókarinnar, en nota hana á meðan sem handrit í fáum eintökum og forðast að það dreifist of víða fyrr en það hefur verið yfirfarið og staðfært.
6. Rætt um að koma á tengslum við svæðisnefndir varðandi staðbundnar upplýsinganefndir og hvatningu um að reka staðbundið upplýsinga og kynningarstarf varðandi AA-samtökin og bataleiðir þeirra t.d. gagnvart heilsugæslu, lögreglu og prestum á svæðinu. Eins að kynna þeim reynslu SSR af starfrækslu neyðarsímans.
7. Afla símanúmera og tölvupóstfanga hjá tengiliðum við svæðisnefndir.
8. Breyta fundartíma þannig að fundir Upplýsingarnefndar verði framvegis fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði klukkan 20:00 í Gula-húsinu.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 3.02.2004, kl. 20:00 í Gula-húsinu.

Athugið breyttan fundartíma klukkan 20:00

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 3.02.2004:

Mættir: J., K., P., Va. og Vi..

Þetta var helst rætt:

9. Rætt var um svæðaskiptinguna eins og hún er nú:
 - i. svarar ekki til eðlilegra samgangna milli staða;
 - ii. gerir deildum að innan sumra svæðisnefnda erfitt að starfa saman;
 - iii. sum svæði, t.d. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru með mikinn fjölda deilda innan svæðisins, en önnur svæði með mjög fáar deildir og langt í milli;
 - iv. ræða þyrfti og endurskoða núverandi svæðaskiptingu í umræðuhóp á næstu þjónusturáðstefnu ef mögulegt er.
2. Rætt var um tólf-sporastarf og eflingu þess með stað- og svæðisbundnum upplýsinganefndum
3. Viðar tók að sér að annast samband við tengiliði innan svæðisnefnda úti á landi.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 2.03.2004, kl. 20:00 í Gula-húsinu.

Athugið breyttan fundartíma klukkan 20:00

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Gula-húsinu þriðjudaginn 2.03.2004:

Mættir: J., P. og Vi..

Þetta var helst rætt:

1. Rætt var um hvort hlé skuli gera á fundum upplýsingarnefndar yfir hásumarið Niðurstaðan varð, að halda áfram mánaðarlegum fundum allt árið, jafnt sumar sem vetur, vor og haust. Var þá m.a. haft í huga, að yfir sumarið skapast gjarnan tækifæri til þess að eiga fundi með AA-félögum í dreifbýlinu og þá að stuðla að stofnun og samvinnu við staðbundnar upplýsingarnefndir.
2. Rætt var um fundarstað, en nefndin hefur verið á hálfgerðum hrakhólum hvað varðar fundaraðstöðu í Gula-húsinu. Bauð oddamaður fram þann kost að halda næstu fundi á heimili hans að Bárugötu 35 og var það þegið.
3. Rætt var um kynningarfund vegna 50 ára afmælis AA-samtakanna á Íslandi, sem hugmyndir eru um að halda í tengslum við þjónusturáðstefnu AA-samtakanna í vor.

Í umræðunni kom fram nauðsyn þess að gæta þá vel að 6. og 10. erfðavenjurnar verði ekki brotnar.

Ákveðið var að fá sameiginlegan fund með kynningarnefndinni og undirbúningsnefnd afmælisins varðandi tilhögun slíks kynningarfundar.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 6.04.2004, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Athugið breyttan fundarstað!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35 þriðjudaginn 6.04.2004:

Mættir: A.M., J., Va. og Vi., en Ey. og K. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

1. Staða upplýsingarnefndar gagnvart LÞN.

Fram kom hjá fundarmönnum að þeim þætti eðlilegast að LÞN vísaði til upplýsingarnefndar þeim málum, er fela í sér kynningu almennings og fagaðila á starfsemi og bataleiðum AA-samtakanna.

Einn aðili úr LÞN ætti að eiga sæti í upplýsingarnefnd og væri sá aðili jafnframt tengiliður upplýsingarnefndar við LÞN.

2. Rætt var um að leggja fram á næstu þjónusturáðstefnu AA-samtakanna, undir liðnum: “önnur mál”, tillögur að starfsháttum og stöðu upplýsingarnefndar samkvæmt fenginni reynslu af störfum hennar fram að þessu.

Nefndarmenn hugleiði og leggi fram drög að þessum tillögum á næsta fundi, en síðan verur haldinn aukafundur í nefndinni 11.05. nk. og þá gengið endanlega frá tillögunum fyrir þjónusturáðstefnuna.

3. Rætt var um að ganga frá skýrslu um störf upplýsingarnefndar á sl. starfsári til flutninga á þjónusturáðstefnu samtakanna 15. maí nk.

A.M. hefur tekið sæti P. í nefndinni, en oddamaður vill bjóða hann velkominn til starfa áfram með nefndinni sem sjálfboðaliða, ef hann vill og hefur færi á því.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 4.05.2004, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum gæti legið fyrir:

- Umræða um drög að tillögum um starfshætti og stöðu upplýsingarnefndar.
- Umræða um skýrslu upplýsingarnefndar fyrir sl. starfsár.
- Umræða um sumarstarfið.
- Umræða um stað- og svæðisbundnar upplýsingarnefndir og hvernig best er að stuðlað að stofnun þeirra.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35 þriðjudaginn 4.05.2004:

Mættir: A.M., J., Va. og Ey. P. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

1. Farið var yfir frumdrög að skýrslu Upplýsingarnefndar fyrir starfsárið 2003 – '04.
2. Farið var yfir frumdrög að tillögum um starfshætti og stöðu upplýsingarnefndar LÞN, sem ætlunin er að leggja fram á Þjónusturáðstefnunni 15. maí nk.
3. Rætt var um að þeir meðlimir Upplýsingarnefndar, sem verða á Þjónusturáðstefnunni, reyni að hitta og funda með fulltrúum af landsbyggðinni, sem hug hafa á að koma á fót staðbundnum upplýsingarnefndum í heimabyggð.
4. Ákveðið var að fá handa Ö.M. sæti á ráðstefnunni sem fulltrúa Upplýsingarnefndar, en hún hefur góða reynslu af starfi upplýsingarnefndar Svæðisnefndar Reykjavíkur. Tók J. að sér að hafa samband við Bj. starfsmann LÞN vegna þessa. (Gerði hann það síðan með tölvupósti).

Vi. sagði oddamanni frá því í símtali, að hann hefði fengið vanan þýðanda til þess að lesa yfir hina lauslegu þýðingu okkar á *Public Information Workbook* AA-samtakanna þannig að hún ætti að vera komin í það horf, að hægt sé að leggja handritið fram á þjónusturáðstefnunni til þess að starfa eftir. Að fenginni reynslu mætti síðar staðfæra handritið betur.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 11.05.2004, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Umræða um tillögum um starfshætti og stöðu upplýsingarnefndar LÞN.
- Umræða um lokadrög að skýrslu upplýsingarnefndar fyrir sl. starfsár.
- Umræða um Þjónusturáðstefnuna.
- Umræða um sumarstarfið, ef tími vinnst til.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35 þriðjudaginn 11.05.2004:

Mættir: A.M., J. og Va. Vi. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

5. Farið var yfir skýrslu Upplýsingarnefndar fyrir starfsárið 2003 – '04.
6. Farið var yfir tillögur um starfshætti og stöðu upplýsingarnefndar LÞN, sem ætlunin er að leggja fram á Þjónusturáðstefnunni 15. maí nk.
7. Ákveðið var að gefa þýðingu okkar á *Public Information Workbook* AA-samtakanna heitið **Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir** og láta eintak af handritinu liggja frammi á Þjónusturáðstefnunni til kynningar.
8. Rætt var um þörf á endurskoðun á þeirri svæðaskiptingu, sem nú er viðhöfð, þannig að samskipti milli deilda innan svæðanna verði greiðari og innbyrðis stuðningur betri. • Verkefni fyrir umræðuhóp á Þjónusturáðstefnu 2005 og millipinganefnd • Tilurð stað- og/eða svæðisbundinna upplýsingarnefnda gæti hugsanlega orðið til að stuðla að slíkri engurskoðun og endurskipulagningu.

Næsti fundur upplýsingarnefndar: Þriðjudaginn 1.06.2004, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Umræða um nýlega afstaðna Þjónusturáðstefnu og þau mál er þar komu fram og varða Upplýsingarnefnd.
- Umræða um sumarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd

Skýrsla flutt á Þjónusturáðstefnu 2004

Á síðasta starfsári voru haldnir 12 fundir og tóku níu einstaklingar þátt í fundum nefndarinnar og störfuðu í og með nefndinni.

Ýmis atriði voru rædd á fundum nefndarinnar og var þetta helst:

Þýðing Public Information Workbook þ.e.a.s. þjónustuhanbókar upplýsingarnefnda úr ensku á íslensku. Lauk nefndin við að þýða hana og liggur eintak handrits þeirrar þýðingar frammi hér á ráðstefnunni. Eftir er að aðlaga það íslenskum aðstæðum, en nefndin telur rétt að byrja að starfa samkvæmt því og láta bíða að staðfæra þýðinguna þar til meiri reynsla er komin af starfsemi upplýsingarnefnda hér á landi.

Rætt var um þörf á að miðla til lögreglu á höfuðborgarsvæðinu upplýsinga um AA-samtökin og bataleiðir þeirra og hvernig best væri að standa að því. Upplýsingarnefnd SAR tók síðan að sér þetta verkefni og ásamt því að ná tengslum við Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og starfsfólk hennar og hefur sinnt því með ágætum. Hér er um framhaldsverkefni að ræða, sem stöðugt þarf að vinna að og mun upplýsingarnefnd SAR væntanlega fylgja því eftir. Þarna hefur orðið til reynsla, sem orðið getur öðrum upplýsingarnefndum að gagni og fyrirmynd.

Starfsaðferðir upplýsingarnefnda voru einnig talsvert ræddar og hvernig best væri að standa að miðlun upplýsinga til fagfólks og hvaða AA-lesefni (bæklingum), sem til eru á íslensku, væri heppilegt að dreifa í þessu augnamiði.

Þá var rætt um svæðisbundnar almenningsupplýsingarnefndir & nefndir um samvinnu við fagfólk. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að stað- og svæðisbundnar upplýsingarnefndir væru æskilegar, ekki síst á þeim stöðum á landsbyggðinni þar sem eru heilsugæslustöðvar og/eða sjúkrahús og lögregla því tengsl við AA-deildir á staðnum gætu verið mikilvæg fyrir þá sem þar starfa og alkóhólista er til þeirra leita. Jafnframt er það álit nefndarinnar að staðbundnar upplýsingarnefndir geti orðið lyftistöng fyrir tólftasporstarf og eftt það. Hefur nefndin því hug á að funda með félögum á landsbyggðinni til þess að koma á stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum. Mun hún því halda uppi mánaðarlegum fundum einnig yfir sumartímann..

Í tengslum við stað- eða svæðisbundnar upplýsingarnefndir var talsvert rætt um svæðaskiptingu landsins og hugsanlega þörf breytinga á henni.

Fjallað var um erindi útvarps-stöðvar 100.7 varðandi leyfi til upplestrar úr AA-bókinni og var það mál afgreitt af LPNefnd í samráði við höfundarréttarhafa í Bandaríkjunum.

Rætt var um samstarf við presta þjóðkirkjunnar varðandi kynningu bataleiðar AA-samtakanna og varðandi erfðavenju nafnleyndar í tengslum við æðruleysis-messur.

Þá var rætt um opinn AA-kynningarfund vegna 50 ára afmælis AA á Íslandi. Ekki varð af því að slíkur fundur yrði haldinn í tengslum við þjónusturáðstefnuna þar sem hún er að þessu sinni haldin utan Stór-Reykjavíkursvæðisins, en til athugunar að slíkur fundur verði haldinn nk. haust eða í vetrarbyrjun.

Rætt var starfshættir og stöðu upplýsingarnefndar gagnvart samtökunum í heild og gagnvart LPN. Varð það niðurstaða nefndarinnar að leggja fram tillögu um þetta til umræðu hér á ráðstefnunni á eftir undir liðnum “önnur mál”.

Fh. Upplýsingarnefndar.

Jóhannes B.

oddamaður.

Starfshættir og staða upplýsingarnefndar LÞN.

Í Upplýsingarnefnd LÞN skulu vera 7 fulltrúar. Nefndin starfar í beinum tengslum við Landsþjónustunefnd og á LÞN tvo fulltrúa í henni. Skulu þeir sjá um góð tengsl milli upplýsingarnefndar og LÞNefndar og greitt flæði upplýsinga milli nefndanna. Skal annar fulltrúi LÞN vera ei-alki. Þá er í upplýsingarnefnd einn fulltrúi frá AA-útgáfunni. Kjósa skal árlega á þjónusturáðstefnu tvo fulltrúa til tveggja ára í senn.

Fyrir utan upplýsingarnefnd LÞN starfa staðbundnar upplýsingarnefndir til þess, að mynda og halda tengslum við fagfólk á staðnum (heilsugæslulækna, sjúkrahússlækna, presta, löggæslu, stjórnendur skóla o.sv.frv.), en einnig við stjórnendur stórra vinnustaða.

Oddamenn staðbundinna upplýsingarnefnda starfa í nánú samstarfi við upplýsingarnefnd LÞN. Þeir eru valdir af svæðisnefndum, eða samstarfsnefndum á svæðinu, og fá til starfa með sér áhugasama sjálfboðaliða.

Upplýsingarnefnd LÞN skal fyrst og fremst skipuð fólki af Stór-Reykjavíkursvæðinu og næsta nágrenni þannig að hún geti komið saman oft og með stuttum fyrirvara.

Nefndin fær til ráðatöfunar nokkuð magn AA-bæklinga til dreyfingar, bæði fyrir sjálfa sig og til þess að úthluta staðbundnum upplýsinganefndum er þess þurfa.

Upplýsingarnefnd LÞN heldur reglulega vinnufundi með oddamönnum staðbundinna upplýsinganefnda og áhugasömum sjálfboðaliðum a.m.k einusinni á ári t.d. í tengslum við árlega þjónusturáðstefnu. Þar er farið yfir mikilvæg atriði þjónustuhandbókar upplýsingarnefnda svo sem að leggja áherslu á erfðavenju nafnleyndar og beita aðlöðun en ekki áróðri í kynningarstarfinu. Jafnframt skulu ræddar hinar ýmsu leiðir til að fullnægja fimmtu erfðavenjunni og flytja alkóhólistum, sem enn þjást, boðskap samtakanna. Skoða skal hvaða tækifæri er hægt að nýta til þess á hverjum stað og hvernig.

Öllum meiriháttar tækifærum til kynningar AA í fjölmiðlum skal vísa til upplýsinganefndar LÞN, þannig að hún geti tekið afstöðu til þeirra, fyrst og fremst með það fyrir augum, að koma í veg fyrir nafnleyndarbrot, áróður og að boðskapur AA-samtakanna sé affluttur.

Upplýsinganefnd LÞN og Landsþjónustunefnd verða í sameiningu að taka ákvarðanir um alla kynningarstarfsemi, sem felur í sér verulegan kostnað fyrir AA-samtökin.

Samþykkt á Þjónusturáðstefnu 2004.

